



**Ellert B. Schram** segir það ódregilegt að ausa brigslyrðum yfir ríkisstjórnina. **26**



**MENNING** Urður Einarsdóttir gladdist þegar fermingargjöfin kastaði óvænt folaldi. **50**



**SPORT** Jakob Jóhann Sveinsson vill verða fyrsti Íslendingurinn til að fara á fimm Ólympíuleika. **44**

# KOSNINGAR 2013

16 síðna sérblað

frá landskjörstjórn um framboð við alþingiskosningar 27. apríl 2013

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG!

# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

18. apríl 2013

90. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Kvennamet í Ráðhúsinu

Tíu af fimmtán borgarfulltrúum á fundir borgarstjórnar í fyrradag voru konur. Það er nánast örugglega met. **2**

**Hrottagleg líkamsárás** 25 ára maður fékk þriggja og hálfis árs dóm fyrir að hefna móður sinnar með því að berjja afabróður sinn. **4**

**Brytur ísinn** Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, verður fyrsta konan eftir hrun til að stýra fyrirtæki sem skráð er í Kauphöllina. **8**

**Muna að hreinsa** Hreinsa þarf burt fitu á grilli eftir að matreiðslu lýkur til þess að koma í veg fyrir myndun skaðlegra efna. **18**



Bolungarvík	-1°	N	3
Akureyri	-2°	NV	4
Egilsstaðir	0°	NV	4
Kirkjubæjarkl.	3°	NV	4
Reykjavík	2°	NNV	5

**Víða bjart** eða bjart með köflum en lítilsháttar el norðaustanlands. Strekkur allra austast en annars fremur hægur vindur. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Sólgleraugu | Fólk



# Þriðjungur vill fá Sigmund Davíð í forsætisráðuneytið

Landsmenn telja Sigmund Davíð Gunnlaugsson best til þess fallinn að leiða ríkisstjórn samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fimmtungur vill Bjarna Benediktsson sem forsætisráðherra.

## 2013

Rúmur þriðjungur landsmanna vill að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, verði næsti forsætisráðherra, samkvæmt niðurstöðu nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls telja 33,9 prósent þeirra sem afstöðu taka Sigmund Davíð best til þess fallinn að leiða ríkisstjórn. Það er nokkuð hærra hlutfall en styður Framsókn í sömu könnun og talsvert hærra en þegar síðast var spurt í febrúar.

Sigmundur hefur nokkra yfirburði yfir aðra forystumenn. „Auðvitað er þetta ánægjulegt. En þetta er eins og aðrar skoðanakönnunir; þær gefa sem slíkar ekki af


sér niðurstöðu í kosningum. En það skal viðurkennt að þetta er hvatning,“ segir Sigmundur.

Tæplega fimmtungur treystir Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, til að stýra landinu eftir kosningar. Bjarni segist þakklátur fyrir traustið. „Ég mun leggja mig allan fram til að rísa undir því.“

Mun fleiri vilja að Bjarni verði forsætisráðherra en Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Bjarni sagðist fyrir síðustu helgi íhuga að hætta sem formaður en ákvað að lokum að hætta ekki. Um 5,3 prósent sögðust telja Hönnu Birnu best til þess fallna að leiða ríkisstjórn á næsta kjörtímabili.

- bj, shá / sjá síðu 16

## NÆSTI FORSÆTISRÁÐHERRA



Spurt var: Hverjum treystir þú best til að leiða ríkisstjórn að loknum kosningum?

Skýringar  
■ 15. og 16. apríl 2013  
■ 27. og 28. febrúar 2013

HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 15. OG 16. APRÍL 2013



**SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN 2013** Kaffistofa Samhjalpar hlaut í gær Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, en þetta var í áttunda sinn sem verðlaunin eru veitt. Forsvarsmenn kaffistofunnar, þeir Þórir Haraldsson, Jakob Kristjánsson og Vilhjálmur Svan, tóku við verðlauninum úr hendi forstjóra 365, Ara Edwald. **Sjá síðu 12.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Undir fölsku flaggi á spítala: Aðeins setið tvö ár á skólabekk

**HEILBRIGÐISMÁL** Starfsmaður Landspítalans, íslensk kona um þritugt sem sagt var upp störfum fyrir að villa á sér heimildir, hefur aðeins tveggja ára hjúkrunarfræðinám að baki. Starfsmaðurinn hafði unnið á krabbameinsdeild spítalans í tvö ár. Grunn nám í hjúkrunarfræði tekur fjögur til sex ár.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Landspítalinn það til skoðunar að kæra starfsmanninn til lögreglu vegna málsins. Ekki liggur enn fyrir niðurstaða um hvort það verður gert.

Félag hjúkrunarfræðinga sendi frá sér ályktun í gær. Þar segir að það sé litið alvarlegum augum að starfsmaður fái vinnu sem hjúkrunarfræðingur án tilskilins leyfisbréfs embættis landlæknis.

- shá

## Ólöf Víktorsdóttir lækni var á vakt á Mass General-spítalanum á mánudag: Ástandið eins og 11. september

**BANDARÍKIN** „Allt gerðist mjög hratt og innan við hálf tíma eftir atburðinn voru komnir sjö sjúklingar til okkar inn á skurðstofurnar,“ segir Ólöf Víktorsdóttir, svæfinga- og gjörgæslulækni á Massachusetts General-spítalanum í Boston. Hún var á vakt þegar sprengjuárás var gerð í maraþoninu þar á mánudag.

„Ég hef aldrei upplifað neitt þessu líkt. Aðrir lækna á spítalanum lýstu svipuðum aðstæðum hinn 11. september, en þá var

allur spítalinn í viðbragðsstöðu,“ segir hún.

Að sögn Ólafar er stemningin í borginni undarleg en yfirveguð á sama tíma. „Allir eru mjög slegnir og það er ekki um annað talað. Samt sem áður heldur fólk ró sinni og lífið heldur að mestu áfram eins og vanalega.“

- þeb / sjá síðu 4



ÓLÖF VÍKTORSDÓTTIR

**MIDNÆTURSPRENGJA**  
Frábærir afslættir og fjör. ...til miðnættis!

**MIÐNÆTUR SPRENGJA**  
Kynntu þér frábæra afslætti á opnu inni í blaðinu.

**MIÐNÆTUR SPRENGJA!**  
Kringlan  
AF ÖLLU HJARTA



SPURNING DAGSINS



Páll, ætlaðu að taka þátt í samkeppninni?

„Ég mun reyna það eftir föngum.“ Ríkisstjórnin hefur ákveðið að blása til hugmyndasamkeppni um það hvað á að gera við fangelsið á Skólavörðustíg, Niúna, eftir að starfsemi þess verður lögð af. Páll Winkler er fangelsismálastjóri.

Tíu af fimmtán borgarfulltrúum á fundi á fimmtudag voru konur:

Kvennametið slegið á borgarstjórnarfundum

REYKJAVÍK Aldrei hafa jafn margar konur setið sem borgarfulltrúar og á fundi borgarstjórnar á þriðjudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Af fimmtán fundarmönnum voru tíu konur. Fréttablaðið ræddi við Helgu Laxdal, skrifstofustjóra borgarstjórnar, sem sagði kvennametið líklega hafa verið slegið. „Með öllum hefðbundnum fyrirvörum embættismanna get ég sagt,

með 99 prósentu vissu, að þetta hafi aldrei gerst áður.“ Gunnar Eydal, sem var skrifstofustjóri borgarstjórnar í áratugi, man heldur ekki eftir því að svo margar konur hafi setið borgarstjórnarfund. „Borgarráð var nær eingöngu skipað konum á einum fundinum en ég man ekki eftir því í borgarstjórn. Þetta er með því mesta sem ég hef heyrt um.“ - kóp

Þær sátu fundinn á þriðjudaginn

- Áslaug Friðriksdóttir
■ Diljá Ámundadóttir
■ Eva Baldursdóttir
■ Eva Einarsdóttir
■ Hanna Birna Kristjánsdóttir
■ Hildur Sverrisdóttir
■ Margrét Sverrisdóttir
■ Oddný Sturludóttir
■ Sóley Tómasdóttir
■ Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir



KONUR Í BORGARSTJÓRN Hanna Birna, Sóley, Oddný og Diljá voru á meðal þeirra tíu kvenna sem sátu fundinn.



GEISLASTEINAR Teigarhorn er heimsfrægt vegna steinanna sem finnast þar. Brotit var inn á steinasafnið á staðnum fyrir nokkrum árum og steinum stolið í tugavís. Málið er óupplýst.

Djúpavogshreppur annast umsjón og rekstur:

Teigarhorn við Berufjörð friðlýst

NÁTTÚRA Óðalsjörðin Teigarhorn í Djúpavogshreppi hefur verið friðlýst, en Svandís Svavarsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði friðlýsingu jarðarinnar sem fólkvangs.

Íslenska ríkið festi fyrr á árinu kaup á jörðinni. Þar er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (zeólíta) í heiminum og var sá hluti jarðarinnar friðlýstur sem náttúruvætti árið 1975.

Teigarhorn við Berufjörð hefur gegnt mikilvægu hlutverki í sögu og skráningu veðurfarars hér á landi. Þar hafa verið stundaðar veðurfar-sathuganir síðan 1881 og mælingar á hitafari frá 1873.

Einnig var undirritaður samningur Umhverfisstofnunar við Djúpavogshrepp um daglega umsjón og rekstur friðlýstu svæðanna. - shá

Gruna gjaldeyrislagabrot:

Kæra Samherja til Sérstaks

LÖGREGLUMÁL Seðlabankinn hefur kært Samherja til Sérstaks saksóknara vegna gruns um að útgerðarfélagið hafi brotið gegn gjaldeyrislögum. RÚV greindi frá þessu í gærkvöldi.

Forsaga málsins er sú að í mars í fyrra var gerð húslit hjá Samherja og lagt hald á töluvert magn gagna. Farið var í aðgerðina vegna gruns um að Samherji hefði brotið gegn gjaldeyrislögum með því að selja dótturfélagi sínu í Þýskalandi sjávarafurðir frá Íslandi á undirverði.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hefur frá upphafi haldið því fram að fyrirtækið hafi farið að lögum. - th

Lögreglan í Danmörku:

Hyggst kljúfa klíkurnar niður

DANMÖRK Lögregla og borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn hyggst leggja beint til atlögu við stóru glæpaklíkurnar sem hafa staðið fyrir ofbeldisverkum í borginni síðan í janúar. DR segir frá þessu.

Markmiðið er að einbeita sér að einni klíku í einu og kljúfa niður; handtaka brotamenn og bjóða öðrum meðlimum leið út úr glæpalífininu.

Fyrsta klíkan sem einblínt verður á er LTF, Loyal to Familia, sem hefur verið verið fyrirferðarmikil að andanförunu og er talin standa á bak við tvö morð í borginni í ár. - bj

Íbúarnir allir fluttir úr hitalausum húsinu

Síðasti íbúinn í Vesturvör 27 flutti í gær úr vatns- og rafmagnslausu húsinu. Hann segir mannskapinn hafa fundið sér þak yfir höfuðið á ýmsum stöðum. Sjálfur flytji hann á gistiheimili en vonist til að geta eignast íbúð. Húsið er óíbúðarhæft.

FÓLK „Ég er síðastur út,“ sagði Pólverji á miðjum aldri sem í gær flutti úr Vesturvör 27 eftir að öllum var gert að yfirgefa húsið.

Vesturvör 27 í Kópavogi er atvinnuhúsnæði. Þar hefur engu að síður um árabíl búið fjöldi fólks sem langflest er innflytjendur, fyrst og fremst frá Póllandi og Litháen. Í byrjun mars var sagt frá baráttu fólksins fyrir því að fá að vera áfram í húsinu eða fá aðstoð frá Kópavogsbæ til að fá húsaskjól annars staðar.

„Fólkið útvegaði sér á endanum sjálft staði til að fara á. Sjálfur er ég búinn að leita mikið en ekki gengið vel. Ég fer á gistihaus uppi í Grafarvogi til að byrja með. Kannski tekst mér að kaupa íbúð,“ sagði Pólverjinn, sem ekki lét nafns getið en kvaðst starfa hjá Pósthúsinu, við útburð Fréttablaðsins.

Bæði vatn og rafmagn hafði verið tekið af Vesturvör 27 fyrir nokkru. Innandyra var aðvörðun frá slökkviliðsstjóra um að öryggiskröfur væru ekki uppfylltar og að allir þyrftu að vera farnir úr húsinu fyrir 18. apríl, það er í dag.

Pólski viðmælandinn okkar virtist taka þróun sinnar húsnæðismála eins og hverju


FRÉTTABLAÐIÐ 1. APRÍL Prettán íbúar voru eftir í Vesturvör 27 í byrjun apríl og sögðust hafa í engin hús að venda. Þau hefðu endurtekið þurft að þola vatnsleysi þrátt fyrir skilvisar leigugreiðslur.



FLUTNINGAR Í VESTURVÖR Síðasti íbúinn í Vesturvör 27 yfirgaf húsið í gær og naut aðstoðar félaga síns við flutning búslóðar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

öðru hundsbiti. „Þetta er bara eðlilegt,“ svaraði hann spurð um hvaða augum hann liti að þurfa að yfirgefa vistarveruna sem hann hefði haft á leigu.

Eins komið hefur fram í Fréttablaðinu er það félagið Drómi sem á Vesturvör 27. Komið hefur fram í yfirlýsingu frá Dróma að félagið sjálft hafi ekki verið leigusali fólksins heldur þriðji aðili.



SKILABÖÐ FRÁ SLÖKKVILIÐSSTJÓRA

Drómi hafi hins vegar ítrekað krafist þess af leigusalanum að sjá til þess að húsið yrði rýmt vegna þess að það væri í afar bágu ástandi og óhæft til útleigu, meðal annars vegna skorts á flóttaleiðum við eldsvoða. Til stendur að rífa húsið.

gar@frettabladid.is

Advertisement for JANA SALÓME JÓSEPSDÓTTIR, 16. SÆTI NORÐAUSTURKJÖRDÆMI, featuring a portrait and text: VIÐ HÖFUM... innleitt dag íslenskrar náttúru. FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU. VINSTRI GRÆN.

Eini kvenforsætisráðherra Bretlands var umdeildur jafnvel í útförinni:

Thatcher borin til grafar

BRETLAND Útför Margrétar Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, fór fram frá Pálskirkju í London í gærmorgun.

2.300 manns voru viðstaddir útförina, ættingjar, vinir, samstarfsmenn og embættismenn víðs vegar að úr heiminum. Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands í Bretlandi, var fulltrúi Íslands.

Elísabet Bretlandsdrottning og forsætisráðherrann David Cameron voru meðal gesta, auk forsætisráðherranna fyrrverandi Tony Blair, Gordon Brown og John Major.

Biskupinn yfir London hélt minningarræðu um Thatcher, en hún hafði sjálf skipulagt stóran hluta athafnarinnar. Þá las David Cameron ritningarorð,

Það er ekki oft á lífsleiðinni sem fólki gefst tækifæri til að vera við útför einstaklings sem hefur haft eins mikil áhrif...

Björgvin Guðmundsson ritstjóri Viðskiptablaðsins



SORG David Cameron forsætisráðherra var sorgmæddur við útförina í gær. NORDICPHOTOS/AFP

en Thatcher hafði óskað þess að sitjandi forsætisráðherra landsins gerði það við útför hennar, sama úr hvaða flokki hann væri.

Björgvin Guðmundsson, ritstjóri Viðskiptablaðsins, var meðal þeirra sem fylgdust með útförinni í London.

„Það er ekki oft á lífsleiðinni sem fólki gefst tækifæri til að vera við útför einstaklings sem hefur haft eins mikil áhrif

á hugmyndafræði stjórnmálanna um allan heim og Margret Thatcher,“ sagði Björgvin. „Þess vegna var það löngu ákveðið að fara út til að vera viðstaddur jarðarförina. Athöfnin var auðvitað tilkomumikil og það kom svoltið á óvart hversu margir mættu til að fylgjast með.“ - þeb



ÓPFIÐ

...til miðnættis!

# MIÐNÆTUR SPRENGJA

AÐEINS Í DAG  
**10-50%**  
afsláttur  
Kynntu þér frábær tilboð  
frá yfir 100 verslunum

## GLÆSILEG TILBOÐ OG FRÁBÆR SKEMMTIATRÍÐI

- |          |  |       |  |
|----------|--|-------|--|
| 18-24    | Mættu með vinum þínum í flotta myndatöku í Kringluglugganum. | 20.00 | Vocal Project götusöngur um alla Kringlu.                        |
| 17-19    | Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Sírius.               | 21.00 | Tískusýning, vortískan fyrir dömur og herra. Kynnir Unnur Birna. |
| 18-22    | Listamenn á sveimi um allt hús.                              | 21.30 | Tónlistaruppistand: Hundur í óskilum.                            |
| 19-21.30 | Svenni Þór trúbador á Stjörnutorgi.                          | 21-24 | Klúbbstemming og leikir á Bíógangi.                              |
| 17-24    | Sigríður Klingenberg spáir fyrir gesti og gangandi.          | 21-23 | Jónsi úr svörtum fötum heldur uppi stuði á Kaffitári.            |
| 20-24    | Léttar veitingar frá Ölgerðinni.                             | 22.30 | Sálin hans Jóns míns í fantastuði á Blómatorgi.                  |
|          |  | 22.30 | 2 fyrir 1 í bíó: OLYMPUS HAS FALLEN.                             |

Kringlan



GENGIÐ  
17.04.2013

	Bandaríkjadalur	117,13	117,69
	Sterlingspund	178,79	179,65
	Evra	154,05	154,91
	Dönsk króna	20,656	20,776
	Norsk króna	20,381	20,501
	Sænsk króna	18,185	18,291
	Japanskt jen	1,1956	1,2026
	SDR	176,71	177,77

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
209,7224

FAGURT FLEY Skonnorta sem þessi er mikil bæjarprýði.

Norðursigling bætir við sig:

## Ný skonnorta til Húsavíkur

FERÐAÞJÓNUSTA Hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursigling á Húsavík hefur fjárfest í skonnortu sem hefur verið gefið nafnið Opal.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu segir að Opal sé 32 metra löng tvímastra skonnorta með níu segl. Skipið hefur káetur fyrir 12 farþega, í sex klefum, auk áhafnar. Opal er byggð sem togari í Damgarten árið 1952 en árið 1973 tóku danskir eigendur við skipinu og breyttu í skonnortuna sem hún er í dag.

Með þessari viðbót hyggst Norðursigling byggja enn frekar undir frambod á skútusiglingum og mæta aukinni eftirspurn eftir lengri ferðum og leiðöngum. -shá

## AKUREYRI

## Grunur um fjádrátt

Stjórnendur Verkmennaskólans á Akureyri hafa vikið manni frá störfum, sem vann við bókhald skólans. Starfsmaðurinn er grunaður um fjádrátt. Fjölmíðillinn Vikudagur greinir frá þessu. Ríkisendurskoðun hefur verið fengin til að skoða málið og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um það hvort starfsmaðurinn verði kærður.

## LEIÐRÉTT

Í fyrrisögn um Bjarta framtið í blaði gærdagsins átti að standa „frjáls framlög“ en ekki „frjáls félagasamtök“. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

## Fékk þriggja og háls árs dóm fyrir að hefna mömmu sinnar með því að berja afabróður sinn: Dæmdur fyrir að berja meintan níðing

DÓMSMÁL Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt 25 ára mann í þriggja og háls árs fangelsi fyrir að ganga hrottalega í skrokk á manni á áttræðisaldri í febrúar í fyrra. Maðurinn var að hefna sín á gamla manningum, sem er sagður hafa beitt móður hans grófu kynferðisofbeldi þegar hún var barn.

Gamli maðurinn er afabróðir árársarmannsins, sem víðurkenndi að hafa framið árásina þótt hann hafi ekki viljað gangast

við öllu sem honum var gefið að sök í ákærinni.

Maðurinn er sakfelldur fyrir að hafa ruðst inn á heimili þess gamla með því að kasta steini inn um rúðu, slegið hann og sparkað í hann, traðkað á höfði hans og barið hann með fimmtán kílóa leðurstól með fimm arma fæti. Alvarlegustu áverkarnir voru af völdum stólsins.

Í dómnum segir að árásin hafi verið „heftúðug, hrottaleg og stórhættuleg“. Þá er það

## Kynferðisbrotin kærð

Móðir árársarmannsins og önnur kona kærðu kynferðisbrot þess gamla eftir að hann varð fyrir ofbeldinu í fyrra. Málin voru kærð í janúar síðastliðnum og hefur lögreglan lokið rannsókninni og sent málin til Ríkissaksóknara. Þau eru mögulega fyrnd.

virt manningum til refsipýngingar að árásin var framin „að næturlagi, á heimili brotabola og í hefndartilgangi“. Hann var hins vegar sýknaður af tilraun til manndráps, enda þótti ekki sýnt að hann hefði ætlað að bana

manninum eða að hann hefði mátt vita að árásin gæti leitt til dauða. Árársarmaðurinn, sem á sakaferil að baki, þarf að greiða afabróður sínum 1,3 milljónir í bætur.

-sh

## Íslenskur læknir í Boston aldrei upplifað annað eins

Ólöf Viktorsdóttir, svæfinga- og gjörgæslulæknir á Mass General-spítalanum í Boston, var á vakt þegar sprengjuárás var gerð í borginni á mánudag. Alls kom 31 á spítalann og aðstæður voru eins og 11. september 2001, segir hún.

BANDARÍKIN „Ég hef aldrei upplifað neitt þessu líkt. Aðrir læknar á spítalanum lýstu svipudum aðstæðum þann 11. september, en þá var allur spítalinn í viðbragsstöðu og eins þegar næturklúbbur brann í nærliggjandi ríki fyrir nokkrum árum,“ segir Ólöf Viktorsdóttir, svæfinga- og gjörgæslulæknir á Massachusetts General-spítalanum í Boston. Ólöf var á vakt á spítalanum þegar sprengjuárásin í maraþoninu varð á mánudag.

Ólöf segir daginn vera almennan frídag í Boston og að flestir spítalar hafi aðeins verið mannaðir eins og það væri helgi. „Það er hins vegar ekki gefið frí á þessum degi á Mass General þannig að það var sem betur fer nóg starfsfólk til að taka á móti sjúklingum.“ Hún var í vinnunni þegar fréttirnar af sprengingunum bárust.

„Allt var mjög óljóst til að byrja með, hversu margir voru særðir og hversu alvarlega. Öllum aðgerðum sem voru skipulagðar þennan eftirmiðdag var frestað og allar lausar skurðstofur snarlega settar í stand til að taka á móti særðum sjúklingum frá maraþoninu. Allt gerðist mjög hratt og innan við hálf tíma eftir atburðinn voru komnir sjö sjúklingar til okkar inn á skurðstofurnar.“

Eins og fram hefur komið eru þrjú látnir eftir sprengjuárásina, og nú er talið að 176 hafi særst. Hluti þessa fólks kom á Mass General. „Alls kom 31 sjúklingur á spítalann, með mislæm meidsli. Allt frá skránum að alvarlegum brunasárum og sérstaklega virtust vera mikil meidsli á neðri útlimum. Margir misstu fótlegg,“ segir hún.

Ólöf segir stemninguna í borginni nú vera undarlega en yfirvegaða á sama tíma. „Allir eru mjög slegnir og það er ekki um annað talað. Samt sem áður heldur fólk ró sinni og lífið heldur að mestu áfram eins og vanalega.“

thorunn@frettabladid.is

## Enginn handtekinn eða grunaður enn

Enginn hafði verið handtekinn eða var grunaður um að hafa staðið fyrir sprengjuárásinni í gærkvöldi. Yfirmaður FBI í Boston, Richard DesLauriers, sagði á blaðamannafundi að rannsókn málsins væri enn á frumstigi. Hann hvatti fólk til að láta lögreglu vita ef það hefði séð eitthvað sem gæti tengst sprengjunum. „Einhver veit hver gerði þetta,“ sagði hann. Lögregla hefur hvatt alla sem voru á svæðinu til þess að senda myndir og myndbönd til lögreglu í þeirri von að þar finnist vísbendingar.




MINNINGARATHÖFN Fjöldi fólks kom saman til minningar um fórnarlömbin í gær. Þessir háskólanemar grétu saman. NORDICPHOTOS/AFP

## PAU SEM LÉTUST

Þrjú eru látnir eftir árásina. Martin Richard, átta ára, var að fylgjast með maraþoninu ásamt fjölskyldu sinni. Móðir hans og systir eru báðar alvarlega slasaðar, en faðir hans og yngri bróðir sluppu ómeiddir. Þá var í gær greint frá því að 29 ára kona, Krystle Campbell, hefði látist. Boston-háskóli greindi einnig frá því að þriðja manneskjan sem lést hefði verið kínverskur framhaldsnemi við skólann. Nafn hennar var ekki opinberað af skólanum en fjölmiðlar hafa greint frá því að hún hafi heitið Lu Lingzi.

Barack Obama Bandaríkjaforseti er kominn til Boston og mun tala í minningarathöfn fyrir fórnarlömbin í dag.




MARTIN RICHARD

KRYSTLE CAMPBELL

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



ÞAÐ HLÝNAR á morgun með töluverðum vindi og úrkomu. Líklega verður slydda í fyrstu og síðan rigning. Á laugardag og sunnudag kólnar heldur aftur með skúrum eða slyðuéljum. Norðausturlandið sleppur þó að mestu við úrkomu þessa daga.

Alicante 24°	Berlín 19°	Friedrichshafen 21°	Las Palmas 23°	New York 15°	París 17°
Ábena 16°	Billund 13°	Gautaborg 12°	London 14°	Orlando 29°	San Francisco 19°
Basel 24°	Frankfurt 17°	Kaupmannahöfn 12°	Mallorca 24°	Ósló 10°	Stokkhólmur 11°

Laugardagur Strekkingur/allhvasst S- og V-lands, annars heldur hægari.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður



## Sumarkort

Komdu og svitnaðu með okkur!

Einstakt tilboð í ræktina.  
Gildir til 1. ágúst.  
Verð kr. 16.900.

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
www.heilsuborg.is



# Efnahagslegt sjálfstæði

Forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar í þágu heimila og fyrirtækja

Morguninn eftir kjördag tekur veruleikinn við. Þá þarf að mynda ríkisstjórn sem hefur kjark til að leiða til lykta brýnustu hagsmunamál þjóðarinnar. Heimili og fyrirtæki þurfa að geta gert áætlanir til lengri tíma.

Stærsta einstaka hagsmunamálið er stöðugt gengi og verðlag því það gagnast ekki aðeins öllum heimilum landsins heldur leggur grunn að fjölgun starfa, hagvexti og bættum lífskjörum fyrir alla.

1. Þjóðarsátt um ábyrga efnahagsstjórn, stöðugleika og hagvöxt
2. Framhald afskrifta á skuldum heimila á grundvelli almennra leikreglna
3. Losun hafta til hagsbóta fyrir almenning
4. Þjóðin greiði atkvæði um samning um aðild að ESB
5. Átak um sterkar stoðir fjölbreytts atvinnulífs og aukna fjárfestingu

## Byggjum á árangrinum sem náðst hefur

- Verðbólgan var 18% en er nú 3,9%
- Atvinnuleysið hefur farið úr 9,4% í tæp 5%
- Stýrivextir voru 18% en eru nú 6%
- Fjárlagahallinn er kominn úr 216 milljörðum í 3,7


**Það skiptir máli hverjir stjórna!**

Nánar á [xs.is](https://xs.is)



## 2013 Norðvesturkjördæmi: Efstu menn á lista

 <p><b>Árni Múli Jónasson</b> lögfræðingur og fyrrverandi bæjarstjóri á Akranesi ■ Hefur starfað sem fiskistofustjóri. ■ Hefur sérhæft sig í mannréttindalögfræði.</p>	 <p><b>Gunnar Bragi Sveinsson</b> alþingismaður ■ Alþingismaður frá 2009 og þingflokksformaður frá sama tíma. ■ Framkvæmdastjóri Árbæjar 2002 til 2007.</p>
 <p><b>Einar Kristinn Guðfinnsson</b> alþingismaður ■ Alþingismaður frá 1991. ■ Gegndi embættum sjávarútvegsráðherra og landbúnaðarráðherra á árabílinu 2005 til 2009.</p>	 <p><b>Guðbjartur Hannesson</b> velferðarráðherra ■ Þingmaður frá 2007. Velferðarráðherra frá 2010. ■ Tapaði formannslag í Samfylkingunni fyrir Árna Páli Árnasyni 2013.</p>
 <p><b>Lilja Rafney Magnúsdóttir</b> alþingismaður ■ Alþingismaður frá 2009. ■ Oddviti Suðureyrarhrepps 1990 til 1994 og formaður verkafélagsins Súganda 1988 til 2004.</p>	 <p><b>Hildur Sif Thorarensen</b> tölvunarfræðingur ■ Er að ljúka meistaranámi í hugbúnaðarverkfræði frá HÍ. ■ Hefur starfað sem blaðamaður, þýðandi, kerfisstjóri og fleira.</p>



 <p><b>Íris Dröfn Kristjánsdóttir</b> grunnskólakennari</p>	 <p><b>Pálmey Gísladóttir</b> lyfjateknir</p>	 <p><b>Jón Bjarnason</b> alþingismaður og fyrrverandi ráðherra</p>
 <p><b>Eyþór Jónsson</b> verslunarmaður</p>	 <p><b>Ylfa Mist Helgadóttir</b> sjúkraliðanemi og söngkona</p>	 <p><b>Guðrún Dadda Ásmundardóttir</b> iðjuþjálfari</p>



# GLÆNÝR HUMAR

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

**OPIÐ LAUGARDAGA**

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686



**STEFNUMÁLIN KYNNT YFIR MATNUM**

Sigríður Ingibjörg ræddi við starfsmenn spítalans í gær ásamt Helga Hjörvari, kollega sínum. Boðið var upp á spurningar að kynningu lokinni, en ekki var mikill áhugi fyrir því svo frambjóðendum ákváðu þá að ganga á milli borða og spjalla við starfsmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Heilbrigðiskerfið í landinu hrundi víst

Starfsmenn LSH taka ekki undir orð oddvita Samfylkingarinnar um að velferðarkerfið hafi staðið af sér hrundið. Fréttablaðið heimsótti spítalann með frambjóðendum í gær og spjallaði við starfsmenn. Enginn vildi spyrja þingmenn spurninga.

**2013**

„Ég er ósammála. Mér finnst velferðarkerfið hafa hrundið. Það hefur verið mikið af duglegu fólki hér að gera sitt besta, en hvað varðar búnað og tæki erum við komin langt aftur úr öðrum þjóðum og það er skelfilegt að horfa upp á,“ segir Kristín Magnúsdóttir, geislafræðingur á Landspítalanum (LSH), um orð Sigríðar Ingibjargar Ingaðóttur í kynningu Samfylkingarinnar á LSH í gær. Fréttablaðið slóst með í för og tók nokkra starfsmenn spítalans tali að kynningu lokinni.

Kristín segir heimsóknir stjórnmalaflokka á spítalann hafi ekki nokkur einustu áhrif á sig, jafnvel þótt hún sé enn óákveðin í afstöðu sinni til komandi kosninga.



Þingmenn Samfylkingarinnar í Reykjavík suður, þau Sigríður Ingibjörg, formaður velferðarnefndar og oddviti flokksins, og Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskipta-nefndar, heimsóttu starfsmenn LSH í hádeginu í gær og spjölluðu við þá yfir steiktum fiski og gúrkusósu. Sigríður sagði í kynningu sinni að velferðarkerfið hefði staðið af sér hrundið.

„Það er merkilegt að gjaldmiðillinn og fjármálakerfið hrundi hér haustið 2008, en það kerfi sem hrundi ekki var velferðarkerfið. Það sýndi sig að heilbrigðiskerfið, menntakerfið og aðrir partar velferðarkerfisins stóðu eins og ekkert hefði í skorist,“ sagði Sigríður.

Einar Oddsson sérfræðilæknir gefur ekki mikið fyrir orð Sigríðar, líkt og Kristín.

„Hún hefur þá ekki heyrt það sem fyrrverandi forstjóri spítalans sagði; þegar hún tók við var spítalinn gjaldþrota. Ef hún segir að velferðarkerfið hafi ekki hrundið þá



Maður skilur þetta upp að vissu marki, en þetta er auðvitað truflandi og ég trúi ekki að þetta hafi nokkur einustu áhrif á afstöðu fólks.

Einar Oddsson sérfræðilæknir á LSH

er hún á svoltið veikum ís,“ segir hann. Einar hefur þó skilning á því að flokkarnir komi á vinnustaði og kynni stefnumál sín.

„Ætli þeir verði ekki að gera þetta, blessaðir. Maður skilur þetta upp að vissu marki, en þetta er auðvitað truflandi og ég trúi ekki að þetta hafi nokkur einustu áhrif á afstöðu fólks.“

sunna@frettabladid.is



„Eitt það besta við MBA-námið er að kennarar, gestir og samnemendur búa yfir gríðarmikilli reynslu og oftast en ekki sjá þau mismunandi sjónarhorn og lausnir“

Jón Birgir Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri fiskiðnaðarsviðs Marels

Kynntu þér MBA-nám við Háskóla Íslands.  
Kynningarfundur og létt hádegishressingur **24. apríl kl. 12-13** í stofu 101 á Háskólatorgi

Skoraðu á þig og taktu skrefið

[www.mba.is](http://www.mba.is)



## Má ekki kjósa fyrir en á næsta ári

Maria Sastre starfar sem eðlisfræðingur á LSH. Hún er frá Spáni og fær ekki kosningarétt fyrir en á næsta ári.

„Ég þarf því miður að bíða, en ég hef aðeins fylgst með þó að ég hafi ekki tekið hundrað prósentu afstöðu,“ segir Maria. Hún lítur heimsóknir stjórnmalaflokka á málmálistíma starfsmanna jákvæðum augum. „Fólk er samt að reyna að borða og sumum finnst þetta truflandi. En persónulega finnst mér þetta rétt, að koma og tala. En kannski vantar meira samtal á milli fólksins og stjórnmalamannanna.“

Sigríður Ingibjörg og Helgi buðu upp á spurningar að lokinni kynningu sinni en enginn nýtti sér þann kost. Þau gengu því á milli borða og ræddu við starfsmenn um helstu stefnumál flokksins áður en þau héldu áfram baráttu sinni í borginni.



## → Enginn tími til að kynna sér framboðin

Fjórir sjúkraliðanemar sátu að snæðingi á meðan Sigríður og Helgi gerðu sig klár fyrir kynninguna. Þeir hafa ekki haft tíma til að kynna sér kosningabaráttuna undanfarnar vikur, enda bæði í námi og vinnu. Konurnar fjórar ætla allar að kjósa en engin þeirra hefur þó tekið ákvörðun um hvert atkvæði þeirra ratar á kjördag.

„Ætli það verði ekki sá sem lýgur minnst,“ segir Sigríður Þorgílsdóttir, einn nemanna. „Maður verður að fara að skoða þetta. Ætli svona fundir séu ekki bara ágætir fyrir upptekið fólk eins og okkur, ákveðin kynning og fræðsla.“

Vissir þú að...

börneiga rétt á nægum sveti



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi



# Lækkum verð um þriðjung (33%) á öllum skófatnaði



Skófatnaður á Íslandi getur lækkað mikið í verði ef aðflutningsgjöld hér væru sambærileg og víða erlendis.



Skorum á verðandi þingmenn að endurskoða skatta og tolla eftir kosningar! **Það er aukinn kaupmáttur!**

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



# ter Sony Center

www.sonycenter.is



Allt það besta frá Sony í snjallsíma

## Hágæða vatnspéttur Android snjallsími SONY XPERIA Z

- 5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

TILBOÐ 129.990.- Verð áður 139.990.-

## Vatnspéttur Android snjallsími SONY XPERIA V

- 4,3" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 13 megapixla myndavél, LED flass
- HD videoupptaka

VERÐ 99.990.-

## Frábær Android snjallsími SONY XPERIA TIPO

- 3,2" TFT snertiskjár með rispúvörn
- 3,15 megapixla myndavél
- Videoupptaka

VERÐ 22.990.-

## Góð kaup á snjallsíma SONY XPERIA J

- 4" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- Videoupptaka

TILBOÐ 39.990.- Verð áður 43.990.-

## Vatns og rykvarinn Android snjallsími SONY XPERIA GO

- 3,5" TFT snertiskjár með HD upplausn
- 5 megapixla myndavél, LED flass
- HD Videoupptaka

VERÐ 48.990.-

Sony Center  
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700  
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

## Slitastjórn höfðar 16 milljarða skaðabótamál gegn Vafningssakborningum: Reyna að sækja Vafningsféð

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Glitnis reynir nú að sækja bætur til sakborninganna í Vafningsmálinu, þeirra Lárusar Welding og Guðmundar Hjaltasonar. Bótakrafan hljóðar upp á 102 milljónir evra, jafngildi tæplega sextán milljarða króna að núvirði, sem er sama upphæð og Glitnir lánaði Milestone í febrúarbyrjun 2008.

Skaðabótamálið var höfðað í mars í fyrra en hefur verið í biðstöðu mánuðum saman á meðan sakamál sérstaks saksóknara vegna sömu viðskipta var rekið fyrir dóm-

stólum. Lárus, sem var forstjóri Glitnis fyrir hrun, og Guðmundur, sem var yfir fyrirtækjasviði bankans, voru í lok desember dæmdir í nú mánaða fangelsi fyrir umboðssvik við lánveitinguna til Milestone. Þar af voru sex mánuðir skilorðsbundnir.

Í kjölfarið fór skaðabótamálið aftur af stað - Lárus

og Guðmundur skiluðu greinargerðum, málið er komið á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur á nýjan leik og fljótlega verður ákveðið hvenær það verður tekið til aðalmeðferðar.

Sakamálinu var hins vegar áfrýjað til Hæstaréttar og verði dómnum snúid er óvíst hvað verður um skaðabótamálið.

LÁRUS WELDING Verst nú sextán milljarða skaðabótamáli slitastjórnarinnar.



## VÍS brýtur ísinn í Kauphöll Íslands

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, verður fyrsta konan eftir hrun til að stýra fyrirtæki sem skráð er í Kauphöll Íslands. Mikil umframeftirspurn var eftir bréfum VÍS í útboði sem lauk á þriðjudag. Bréf seldust á allt að 30% yfir verðmatsgengi.

**VIÐSKIPTI** Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS, verður við skráningu VÍS á markað eftir helgi fyrsti kvenforstjórinn til að stýra skráðu félagi eftir hrun.

„Mér hafði verið bent á að þetta kynni að vera tilfellið, en svo sem ekki leitt hugann mikið að þessu,“ segir Sigrún Ragna. Allur tími hennar hafi farið í að einbeita sér að því að ljúka skráningarferlinu. Taka á bréf VÍS til viðskipta í Nasdaq OMX Kauphöll Íslands þriðjudaginn 24. apríl, síðasta vetrardag.

Um leið segir Sigrún Ragna vitanlega jákvætt að fá konu í hóp þeirra sem stýra skráðum fyrirtækjum hér á landi. „Ég hef líka þá bjargföstu trú að það skipti máli að hafa góða dreifingu í hópum, alveg sama hvort það er hjá forstjórum, í stjórnnum eða hjá stjórnendum almennt.“

Upphaflega stóð til að selja 60 prósent hlutfjár í VÍS í útboðinu sem lauk á þriðjudag en það hlutfall var hækkað í 70% í ljósi mikils áhuga. Seld voru bréf í félaginu fyrir 14,3 milljarða króna á genginu 7,95 til 9,20 krónur á hlut.

Í verðmati á VÍS sem Greining Íslandsbanka gaf nýverið út í tilfelli af útboðinu voru bréf félagsins metin á 7,05 krónur á hlut. Hæsta sölugengi í útboðinu er því þrjátíu prósentum yfir verðmatsgenginu og meðalgengið fimmtungi yfir verðmati Greiningar Íslandsbanka.

Sigrún Ragna segir mikinn áhuga almennra fjárfesta á VÍS ánægju-



SIGRÚN RAGNA ÓLAFSDÓTTIR Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hluti VÍS í Kauphöll Íslands verði þriðjudagurinn 24. apríl næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hildur Petersen var sú fyrsta árið 1998

Hildur Petersen var fyrsta konan til að gegna starfi forstjóra í fyrirtæki sem skráð var í Kauphöll Íslands, þegar hún stýrði Hans Petersen hf. Félagið var skráð í Kauphöllina frá desember 1998 þar til í október 2000. Samkvæmt upplýsingum úr Kauphöllinni finnast þess ekki önnur dæmi að kona hafi stýrt skráðu fyrirtæki.



legan og fagnar því að fá með þessu inn í félagið tæplega 5.000 nýja hluthafa. Með því hafi líka verið rutt úr vegi fyrirvörum sem Kauphöllin hafi sett um fjölda hluthafa í félaginu.

„Þetta er mjög góð dreifing og heppilegt, ekki síst fyrir tryggingafélög sem eru með mjög dreifðan hóp viðskiptavina, að eignarhaldið

sé dreift. Það fer mjög vel saman,“ segir hún.

Þá segir Sigrún Ragna ljóst að VÍS sé eitt form af félögum sem mjög heppilegt sé að hafa með öðrum skráðum félögum. „Þar eru mismunandi tegundir af félögum og við höfum kynnt þetta félag sem sterkan kost í að vera arðgreiðslufélag.“

oikr@frettabladid.is

— hvað gerist á —

10  
ÁRUM  
í umhverfismálum

Ársfundur Umhverfisstofnunar 2013

Föstudaginn 19. apríl  
9:45–12:00 Grand Hótel  
Engin skráning – bara mæta

Svandís Svavarsdóttir,  
umhverfis- og auðlinda-  
ráðherra flytur ávarp

Uppgjör síðustu fimm ára og  
kynning á stefnu til 2017

Ari Eldjárn með uppistand



UMHVERFISSTOFNUN



# DEBENHAMS

DESIGNERS AT  
DEBENHAMS

principles



STAR BY  
julienmacdonald

JASPER J CONRAN

JEFF BANKS  
LONDON

ROCHA. JOHN ROCHA

butterfly by  
MATTHEW WILLIAMSON

BAKER  
BY TED BAKER

Gerðu  
lífið  
skemmtilegra

20%  
AFSLÁTTUR

af öllum fatnaði frá  
Debenhams hönnuðum  
fyrir dömur, herra  
og börn

Gildir út 21. apríl

NÝTT VISA TÍMABIL

Opið í kvöld til 21:00

 Finndu okkur á facebook

Vorútsalan í fullum gangi

50-70%

afsláttur af öllum útsöluvörum

DEBENHAMS SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!  
Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af notuðum  
bílum á frábæru verði



Tökum notaðan uppi  
notaðan! Erum í  
sanningsstuði!

BMW 525Xi (4wd-xDrive)  
Nýskr. 03/08, ekinn 76 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
Rnr.270243

BMW glæsibifreið kr.  
**5.890 þús.**



NISSAN QASHQAI+2 SE 7manna  
Nýskr. 06/11, ekinn 34 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 4.590 þús.**  
Rnr.151561.



LAND ROVER FREELANDER 2S  
Nýskr. 07/08, ekinn 88 þús. km.  
dísil, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 3.980 þús.**  
Rnr.190738.



NISSAN PATROL LE  
Nýskr. 07/08, ekinn 83 þús km.  
dísil, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 5.290 þús.**  
Rnr.151683.



SUBARU FORESTER VISION  
Nýskr. 04/11, ekinn 48 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 4.290 þús.**  
Rnr.280506.



TOYOTA PRIUS HYBRID EXE  
Nýskr. 05/08, ekinn 43 þús. km.  
bensín, sjálfskiptur.  
**VERÐ kr. 2.890 þús.**  
Rnr.270225.



VW POLO TRENDLINE  
Nýskr. 02/13, ekinn 1 þús. km.  
dísil, beinskíptur. Verð kr. 2.990  
**VERÐ kr. 2.690 þús.**  
Rnr.190853.

## bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

# Uppþornuð vatnaskil

Fyrsta hreina vinstri stjórnnin var álitin marka mikil tímamót í íslenski stjórnmálasögu. Forystumenn hennar ætluðu sér að gjörbreyta samfélaginu en færðust kannski full mikið í fang. Efnahagsmálin urðu aðalatriðið í kjölfar hrunsins.

Kolbeinn  
Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



Söngvarinn góðkunnur Vilhjálmur Vilhjálmsson varar litla drenginn, í samnefndu lagi, við því að færast ekki í fang svo mikið að festu hans brotni tré. Segja má að Samfylking og Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefðu mátt hafa þau varnaðarorð í huga þegar flokkarnir settust í ríkisstjórn árið 2009. Metnaðarfullar hugmyndir voru uppi um að gjörbreyta samfélaginu og hreinn meirihluti vinstri flokkanna var talinn marka vatnaskil í íslenskum stjórnmálum. Þeirra sér ekki stað nú.

### Tímamót boðuð

„Tímamótin sem Ísland er að fara í gegnum eru margvísleg: pólitísk, söguleg, efnahagsleg og auðvitað ekki síst, hugmyndafræðileg.“ Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon á landsfundi Vinstri grænna í mars 2009. Flokkurinn sat þá í minnihlutastjórn með Samfylkingunni og stuðningi Framsóknarflokksins og skoðanakannanir sýndu að ástæða var til bjartsýni fyrir flokkinn.

Jóhanna Sigurðardóttir var kjörin formaður Samfylkingarinnar í mars 2009 og sagði við það tækifæri að upp væru að renna nýir tímar, nýrra tækifæra, jafnaðar og réttlætis.

Það var heldur ekki tjaldað til einnar nætur í samstarfsyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Þar segir að meirihluti kjósenda hafi veitt jafnaðarmönnum og félagshyggjufólki skýrt umboð til að leiða til öndvegis „ný gildi jafnaðar, félagslegs réttlætis, samhjalpar, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis.“

### Rúmlega fangfylli

Kosningabaráttan 2009 bar það reyndar með sér að flokkarnir lögðu fyrst og fremst áherslu á efnahagsmál og hvernig ætti að vinna á gríðarlegum halla ríkissjóðs sem hrunið hafði skapað.

Stefnuyfirlýsingin bar það hins vegar með sér að sem flestum steinum ætti að velja við. Taka átti á efnahagsvandannum, í bráð og lengd, skuldavanda heimila og fyrirtækja, skapa atvinnu, tryggja velferð til framtíðar, auka menntun, sækja fram í öllum landshlutum, gjörbreyta fiskveiðistjórnunarkerfinu, efla náttúruvernd, auka lýðræði og mannréttindi, breyta stjórnkerfinu og sækja um aðild að Evrópusambandinu.



Gunnar Helgi  
Kristinnson stjórnmálafræðingur

„Eiginlega eru stjórnarflokkarnir frekar að kvarnast í sundur.“



„Þetta var ekki endilega uppgjör við hugmyndafræði, frekar það að sitjandi ríkisstjórnnum var refsað og andstöðunni fengin völdin.“

Silja Bára Ómarsdóttir  
stjórnmálafræðingur

### Langtímabreytingar á fylginu

Gunnar Helgi segir að sé fylgi stjórnmálaflokka skoðað yfir langan tíma sjáist miklar breytingar.

„Það eru nokkrir hlutir sem eru í gangi. Eitt er langtímaþróun fylgis. Bæði Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eru til lengri tíma að tapa fylgi. Ef maður leggur saman fylgi þeirra, þá er tilhneigingin mjög sláandi, ef þú tekur tímabilið frá 1931. Það er eitt ferlið sem er í gangi. Þetta á sér rætur í þjóðfélagsbreytingum,“ segir Gunnar Helgi, og vísar þar meðal annars til breyttrar stöðu kvenna og flutninga úr dreifbýli í þéttbýli.

Ekki er óvarlegt að ætla að bið verði á því að tveir vinstri flokkar nái aftur hreinum meirihluta hér á landi, ef það verður nokkurn tíma. Fylgistölur Samfylkingarinnar gefa flokksmönnum tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu flokksins sem annars af tveimur stóru flokkunum. Mikið þarf að breytast til að hún haldist. Fylgi Vinstri grænna hefur sveiflast meira í gegnum tíðina og ólíklegt er að sá flokkur fari aftur yfir 20 prósentin. Það getur hins vegar ekki verið ásættanlegur árangur að þurfa að senda út herkvaðningu til stuðningsmanna, tæpum tveimur vikum fyrir kosningar, þar sem hætta sé á að flokkurinn þurrkist af þingi.

Hvað sem langtímaþróun líður biður nýju formannanna Árna Páls og Katrínar ærið verkefni og þau bera sem formenn ábyrgð á úrslitum kosninganna.

Gagnrýnendum fannst ríkisstjórnin færast of mikið í fang, talað var um að hún festi sig í smærri málum en gleymdi þeim stóru. Hvað sem í því er hæft er það í það minnsta skilningur margra stuðningsmanna stjórnarflokksins, bæði fyrrverandi og núverandi.

Samanlagt fylgi stjórnarflokksanna, sem var yfir fimmtíu prósentum í síðustu könnunum, er nú komið niður fyrir tuttugu prósent.

### Kvarnast í sundur

Gunnar Helgi Kristinnson stjórnmálafræðingur segir ljóst að gríðarleg vinstri sveifla hafi orðið í kjölfar hrunsins. Flokkarnir tveir, sem hafi frekar haft væntingar um samanlagt fylgi upp á 35 til 40 prósent, hafi fengið meirihluta atkvæða og þingsæta.

„Þessi sveifla er að verulegu leyti gengin til baka, en þó með nokkuð sérkennilegum hætti. Vissulega hefur verið straumur frá Vinstri grænum og Samfylkingu til Framsóknarflokksins. Eiginlega eru stjórnarflokkarnir frekar

að kvarnast í sundur. Þeir eru að missa fylgi til Pírata og Bjartrar framtíðar og almennt séð til litlu flokkanna. Þótt það sé ekki mikið til hvers og eins skiptir það máli.“

Gunnar Helgi segir þetta ekki eiga við um Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk. Það sé ekki síður liður í gæfuleysi stjórnarflokksanna að það sé upplausn í þeirra liði.

„Þá má segja að stjórnin hefði átt að fókusa betur og færast minna í fang. Það er ekki endilega tíminn til að gjörbreyta samfélaginu þegar þú þarft að vera að skera verulega mikið niður.“

### Evrópsk þróun

Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur segir vandamál stjórnarflokksanna að hluta til ímyndartengd, illa takist að auglýsa verkin. Hins vegar hafi það gerst víða í Evrópu í kjölfar efnahagskreppunnar að stjórnarandstaðan hafi fengið völdin í kjölfar kosninga.

„Þetta var ekki endilega uppgjör við hugmyndafræði, frekar það að sitjandi ríkisstjórnnum var refsað og andstöðunni fengin völdin.“

Það var eðlilegt að fylgið flyttist til vinstri í kjölfar hrunsins og verkefni stjórnarflokksanna var að halda því. Þeim hefur ekki tekist að halda trúverðuleikanum og trausti fólksins.“





## HEIMURINN



## Hjónabönd samkynhneigðra leyfð

**1 NÝJA-SJÁLAND, AP** Samkynhneigðir munu á næstunni geta gengið í hjónaband í Nýja-Sjálandi. Lög þess efnis voru samþykkt í gær. Mikill meirihluti var fyrir breytingunum, 77 þingmenn voru þeim fylgjandi en 44 á móti. Bæði forsætisráðherrann og leiðtogi stjórnarandstöðunnar voru fylgjandi lagabreytingunum. Skoðanakannanir hafa sýnt að um 70 prósent íbúa landsins séu fylgjandi því að samkynhneigðir geti gengið í hjónaband.

## Réttað vegna PIP-púða

**2 FRAKKLAND** Réttarhöld eru hafin í máli gegn fimm stjórnendum fyrirtækisins sem framleiddi PIP-silikonbrjóstapúða.

Jean-Claude Mas, fyrrverandi forstjóri, og samstarfsmenn hans eru ákærðir fyrir svik. Fyrirtækið notaði sem kunnugt er iðnaðarsilikon og margir púðar sprungu eða rifnuðu. Ef stjórnendurnir verða sakfelldir gæti beðið þeirra allt að fimm ára fangelsisvist.

Málið er talið eitt stærsta dómsmál í Frakklandi, enda eru yfir fimm þúsund konur skráðar sem stefnendur.



**3 INDLAND** Sextán manns særðust í öflugri sprengingu í Bangalore í Indlandi í gær. Sprengjan sprakk nálægt skrifstofum helsta stjórnarandstöðuflokksins.

Húsaleigumarkaðurinn:

## Leiga hækkaði um 0,7% í mars

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Vísitala húsaleigu á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,7% frá febrúar til mars, að því er fram kemur í tölum Þjóðskrár Íslands.

Þar segir jafnframt að vísitalan hafi hækkað um 3,7% síðustu þrjú mánuði og 9,1% síðustu tólf mánuði. Vísitalan hefur hækkað um 22,5% frá upphafi, í janúar 2011.

Vísitalan sýnir breytingar á vagnu meðaltali fermetraverðs og eru tölurnar unnar upp úr leigusamningum sem var þinglýst í mars.

- þj



**TÍMAMÓT** Dóttir þeirra Eiríks Haraldssonar og Völu Magnúsdóttur var 27 þúsundasti Hafnfirðingurinn.

Hafnfirðingar 27 þúsund:

## Bæjarstjóri færði barni gjöf

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarstjóri Hafnarfjarðar heimsótti í dag 27 þúsundasta Hafnfirðinginn, stúlkubarn sem fæddist þann 20. mars. Foreldrar barnsins eru þau Vala Magnúsdóttir og Eiríkur Haraldsson.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri færði foreldrunum og barninu gjafir í tilefni áfangans. Að sögn viðstaddra var litla stúlkan hin rólegasta yfir umstanginu.

„Þar sem hún hefur ekki enn fengið nafn stakk ég auðvitað að þeim nokkrum nöfnum sem tengjast sögu bæjarins en það á allt eftir að koma í ljós hvaða nafn þessi fallega stelpa fær,“ sagði Guðrún Ágústa.

- mlþ

Íslendingum fjölga enn:

## 300 Pólverjar fluttu hingað

**FÓLK** Landsmönnum fjölgaði um 1.040 á fyrsta ársfjórðungi, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar.

Alls fluttu 1.500 manns til landsins á ársfjórðungnum og 980 fluttust af landi brott.

Flestir íslenskir ríkisborgarar fluttu til Noregs, þangað fluttu 220 manns af 580 alls. Aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu flestir frá Danmörku, eða 240 manns. Erlendir ríkisborgarar sem fluttust frá landinu voru 400 og fóru flestir til Póllands eða 80 manns. Pólland er einnig upprunaland flestra erlendra ríkisborgara sem hingað komu, 300 manns af öllum 890 erlendu innflytjendum.

- mlþ

# Eru innlend hlutabréf áhugaverður kostur?

**Fundur um hlutabréf** verður haldinn á Reykjavík Natura Hotel, í dag, 18. apríl kl. 17.15 – 19.00. Farið verður yfir stöðuna á hlutabréfamarkaðnum og forstjóri TM kynnir fyrirtækið sem fjárfestingakost.

## Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Innlend hlutabréf hafa hækkað töluvert á síðustu mánuðum. Skráðum félögum fjölga og Landsbankinn finnur fyrir auknum áhuga viðskiptavina á hlutabréfum. En hvað felst í því að fjárfesta í hlutabréfum? Við tökum stöðuna á hlutabréfamarkaðnum á fjármálakvöldi á fimmtudegi.

### Dagskrá:

- » Hlutabréf í sögulegu samhengi – Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans og formaður fjárfestingaráðs
- » Uppbygging íslenska hlutabréfamarkaðarins og kostir sjóða – Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri Landsbréfa
- » TM sem fjárfestingakostur – Sigurður Viðarsson, forstjóri TM

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans, stýrir fundinum.

Fundurinn er öllum opin, boðið verður upp á léttar veitingar.

Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000





# Hjálparhrellur lítilmagnans heiðraðar

**SAMFÉLAGSMÁL** Kaffistofa Samhjalpar hlaut aðalverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í ár. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í gær, áttunda árið í röð. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna.

## Samfélagsverðlaunin

Kaffistofa Samhjalpar, sem er fyrir utangarðsfolk og aðstöðulausa, hefur verið starfrækt frá árinu 1982. Fyrstu árin var hún aðeins opin virka daga og á stórhátíðum. Haustið 2001 bættist helgarpunni við og hefur kaffistofan verið opin alla daga ársins síðan.

Þakklátt starf er unnið á kaffistofu Samhjalpar. Að jafnaði sækja um hundrað manns kaffistofuna á degi hverjum, svo það liggur nærri að gestirnir séu um 40 þúsund á hverju ári.

Tveir starfa á kaffistofunni, sem að auki nýtur liðsinnis sjálfbodaða sem margir hverjir koma frá fyrirtækjum og stofnunum.

Ari Edwald, forstjóri 365, afhenti fulltrúum Kaffistofu Samhjalpar verðlaunin og verðlaunafé að upphæð 1,2 milljónir króna.

Aðrir sem voru útnefndir til Samfélagsverðlaunanna voru Kattholt og Alzheimer-kaffi. Kattholt þarf vart að kynna en þar er staðinn vörður um gott atlæti katta, að þeir eigi sér húsaskjól og mat. Alzheimer-kaffi er kaffihús fyrir fólk með Alzheimer og aðra skylda sjúkdóma og aðstandendur þess.

## Hvunnagshetja

Hvunnagshetja ársins er Sigurlaug Hermannsdóttir, sem hefur verið ötul um árabíl í félagslífinu á Blönduósi. Meðal annars býður hún ásamt eiginmanni sínum, Hlyni Tryggvasyni, eldri borgurum á Blönduósi til árlegrar veislu heima hjá sér. Er haft á orði að heimsókn til Sigurlaugar og Hlyns jafngildi árhátíð fyrir gamla fólk á staðnum.

Aðrir sem voru tilnefndir í þessum flokki voru Guðmundur Stefán Gunnarsson, íþróttakennari við Akurskóla í Reykjanesbæ, og Halldór Gunnar Pálsson, sem hefur stuðlað að auk-

inni samkennd þjóðarinnar með upptöku á Þjóðarlaginu; 35 þúsund Íslendingar hafa tekið þátt í söngnum til þessa.

## Frá kynslóð til kynslóðar

Verðlaun í þessum flokki fær Margrét Pálmadóttir kórstjóri, sem hefur unnið mikilsvert starf með kórum og um árabíl stuðlað að söngmennt stúlkna og kvenna.

Aðrir tilnefndir í þessum flokki er Félag eldri borgara á Suðurnesjum og grunnskólabörn í Reykjanesbæ, sem tóku höndum saman um að brúa bil kynslóðanna með ýmsum verkefnum. Steindór Andersen var tilnefndur fyrir ómetanlegt starf við framgang og kynningu íslenskrar rímnahefðar.

## Til atlögu gegn fordómum

Projekt Polska hlýtur verðlaun fyrir atlögu gegn fordómum. Hópur ungra Pólverja vinnur að aðlögun og eflingu félagsstarfs og bættum aðstæðum innflytjenda á Íslandi.

Aðrir tilnefndir í þessum flokki eru ADHD-samtökin fyrir baráttu sína fyrir því að börn og fullorðnir með athyglisbrest og skyldar raskanir njóti sannmælis í samfélaginu og Sendiherrar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.

## Heiðursverðlaun

Heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins hlýtur Óli H. Þórðarson. Hann hefur um margra áratuga skeið verið ötull talsmaður bættrar umferðarmenningar og lagt sitt af mörkum til að fækka umferðarslysum á Íslandi.

## Byggt á tilnefningum lesenda

Á fjórða hundrað tilnefningar bárust frá lesendum Fréttablaðsins að þessu sinni. Markmið með Samfélagsverðlaununum er að beina sjónum að þeim góðu verkum sem unnin eru í samfélaginu. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru sem fyrr segir tólf hundruð þúsund krónur, aðrir verðlaunahafar fengu tíu tommu United spjaldtölvu frá Tölvulistanum auk verðlaunagripa sem eru hannaðir og smíðaðir af Ásgarði í Mosfellsbæ.

## Á fjórða hundrað tilnefninga bárust

Fréttablaðinu bárust á fjórða hundrað tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Dómnefnd sem var skipuð Arndísi Þorgeirsdóttur fréttastjóra Fréttablaðsins, Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, og Þorsteini J. Vilhjálmssyni dagskrárgerðarmanni vann úr tilnefningum lesenda.



**HEIÐURSVERÐLAUN** Óli H. Þórðarson hlýtur verðlaun fyrir ævistarf sitt í þágu bættrar umferðarmenningar.



**TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM** Projekt Polska er hópur ungra Pólverja sem vinna að bættum aðstæðum innflytjenda á Íslandi.



**HVUNNDAGSHETJAN** Sigurlaug Hermannsdóttir hefur opnað heimili sitt fyrir eldri borgurum á Blönduósi. Með henni eru þeir Halldór Gunnar Pálsson og Guðmundur Stefán Gunnarsson, sem einnig voru tilnefndir.



**FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR** Margrét Pálmadóttir kórstjóri hefur unnið mikilsvert starf með kórum og stuðlað að söngmennt stúlkna og kvenna.

## Nýjung í landslaginu

Við bjóðum fjölbreytt úrval innlánsreikninga með föstum vöxtum. Hafðu samband og kynntu þér málið.

### Óverðtryggðir innlánsreikningar með föstum vöxtum.

3 mánuðir 4,8%	24 mánuðir 5,4%
6 mánuðir 5,0%	36 mánuðir 6,3%
12 mánuðir 5,2%	60 mánuðir 6,4%

### Verðtryggðir innlánsreikningar með föstum vöxtum.

36 mánuðir 2,5%	60 mánuðir 2,75%
-----------------	------------------

Miðað við útgafna vaxtatöflu MP banka 11. apríl 2013.

**mpbanki**

Ármúli 13a / Borgartún 26 / 540 3200 / www.mp.is

Fastir  
vextir

6,3%

Óverðtryggðir

innlánsvextir m.v.  
36 mánaða bindingu

Fastir  
vextir

2,5%

Verðtryggðir

innlánsvextir m.v.  
36 mánaða bindingu



# HÁMARKS MYNDGÆÐI Á LÁGMARKS VERÐI



Panasonic TXP50UT50Y

**199.990**

VERÐ ÁÐUR 249.990

Ótrúlega vel búið 50" Panasonic Smart Plasma sjónvarp með 4.000.000:1 skerpu og svartíma 0.001 millisekúndu. Tækið fyrir þá sem vilja framúrskarandi myndgæði á ótrúlegu verði.

#### Ótrúleg skerpa

Tækið er með 2000Hz Focused Field Drive, Pro 24p Smooth Film playback, Progressive Scan, x.v Color ásamt Vreal 3D örgjörva sem ásamt 4.000.000:1 skerpu tryggir ótrúlega skarpa mynd. Svartími er 0.001 millisekúnda sem þýðir að tækið sýnir hröðustu myndir skýrar og góðar.

#### Þrívídd

Tækið er með Vreal 3D þrívíddarörgjörva og getur sýnt þrívíddarmyndir, ásamt því að breyta venjulegum myndum í þrívídd. (2D-3D conversion). Eins er tækið með Digital Cinema Color 3D color management. Þrívíddargleraugu fylgja ekki.

#### Smart TV

Tækið er með Viera Connect nettengingu með netvafra. Hægt að fá Skype myndavél og þráðlausa nettengingu sem aukahluti. Einnig hægt að niðrhala forriti í alla Android/iPhone síma og spjaldtölvur til að stýra tækinu. Margmiðlunarspilari er innbyggður og tækið er með DVB-T2 móttakara.

#### Miklir tengimöguleikar

Tækið er með 2x USB 2x HDMI, Scart, CI rauf, Composite, RCA, DLNA, Optical og heyrnartólstengi auk kortalesara.



## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)

**Panasonic**  
ideas for life



# MIÐNÆTURSPRENGJA

Verslanir opnar til miðnættis. Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

## 20% afsláttur

af öllum vörum í eftirtöldum verslunum:

BIANCO<sup>®</sup>  
FOOTWEAR

Timberland

JOE BOXER<sup>®</sup>

galleri sautján



fierra  
GARÐURINN

ENGLABÖRNIN

WAREHOUSE

Dúkkuhúsið

TOPSHOP



AÐEINS Í DAG  
**10-50%  
afsláttur**  
Kynntu þér frábær tilboð  
frá yfir 100 verslunum

Deres

KAREN MILLEN

HUGO BOSS

POLARN O. PYRET

KISS

Marc O'Polo

ZAYZAY

K KÚNÍGÚND

Kultur

OUTFITTERS<sup>®</sup> NATION LT<sup>†</sup>

SMASH

ígló

COSMO  
Kringlunni

MORROW

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

ZO·ON  
ICELAND

next

oasis

MAC

COMPANYS

Kultur  
menn

PORTID

Sparkz<sup>♥</sup>

cobra  
Sokkabúðin

nohank

noland

DÚKA

Dressmann<sup>®</sup>

Ice in a bucket<sup>®</sup>

ZIKZAK  
TIRSKHÚS

kello

AVEDA

augað

URBAN

TUZZI

THE BODY SHOP

EVANS

SIX

I am

Galla  
BUXNABÚÐIN

Sprítæk

HYGEA



# OPÍÐ

## Frábær tilboð

af vörum í eftirtöldum verslunum:

**byggtogbúið**

20% af flestum vörum.

**FRIIS COMPANY**

20% af öllum vörum.  
Ýmis sértíla boð.

**name it.**

15% af öllum vörum.

**Casa**

20% af öllum RCR Crystal og Rosendahl vörum.

**STEINAR WAAGE**  
SKÓVERSLUN

20% af öllum skóm.

**Leonard**

20% af öllum töskum og íslensku skarti.

**SELECTED**

10% af öllum vörum.

**SHARE**

25% af öllum vörum.

**L'OCCITANE**

20% af Almond og Immortelle vörum.

**Eymundsson**

15% af öllum vörum.

**Café Mea**

20% af Pizzu og bjór.



**Jens**

25% af öllu gulli.  
20% af öllu silfri.



20% af öllum drykkjum.

**VILA**  
FLAKKA

15% af öllum vörum.

**Lyf & heilsa**

20% af öllum vörum.  
15% af öllum lausasöluþfjum.

**bo**

gleraugnasmiðjan

30% af öllum gleraugum og sólgleraugum.  
Daglinsupakkar 2300 kr.



**CINTAMANI**

25% af öllum vörum.

**ISLANDIA**

Tilboð af völdum vörum.

**JÓN & ÓSKAR**

20% af öllum úrum.

**búsáhöld**

20% af völdum vörum.

**prooptik**  
gleraugu

25% af öllum vörum.

**ecco**

20% af öllum skóm.

**skór.is**

20% af öllum skóm.

**Levi's**

25% af öllum vörum.

**rhodium**

20% af öllum úrum.

**DÝRABÆR**

20% af flestum vörum.

**ÚTILÍF**

20% af barnafatnaði, skóm og sundfatnaði.

**Café roma**

Cappucino og döðlu-draumur á 590 kr.

**MARKAÐSTORGID**  
25% af öllum vörum.

**MÝRIN**

15% af völdum vörum.

**gs skór**

20% af öllum skóm.



20% af klippikortum.

**Skógarinn**  
í Kringlan

Ókeypis, létt skóburstun.

**meba**

20% af öllum úrum.

**focus**

20% af öllum skóm.

**UNITED COLORS OF BENETTON.**

25% af öllum vörum.

**Kaupfélagið**

20% af öllum skóm.

**JACK & JONES**

10% af öllum vörum.



20% af völdum bætiefnum og allri matvöru.



30% af notuðum leikjum.



20% af öllum kertastjökum, kertaglösum og vösuum.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

20% af allri snyrtivöru, True dömfatnaði og Valencia undirfatnaði.  
33% af öllum skóm.

**ACCESSORIZE**

20% af öllum töskum.



**iStore**

20-40% af töskum og hulstrum.

**Grand**  
Collection

70% af öllum vörum.

**VERO MODA**

15% af öllum vörum.

**66°**

**NORÐUR**

20% af öllum 66° norður vörum.

**Boux**  
AVENUE

25% af Bath and Beauty vörum.



20% af öllum uppáhellingartækjum.

**Kaffi**  
**Klassik**

20% af öllu smurbrauði.



20% af íslenskri tónlist.

**extra**

30% af Official derhúfum.

**BRIM**

30-50% af öllum vörum.



2013

HVERJIR KOMAST Á PING?

→ Norðvesturkjördæmi (NV)

- Einar Kristinn Guðfinnsson
- Haraldur Benediktsson
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
- Lilja Rafney Magnúsdóttir

- Gunnar Bragi Sveinsson
- Ásmundur Einar Daðason
- Elsa Lára Arnardóttir
- Jóhanna María Sigmundsdóttir

→ Norðausturkjördæmi (NA)

- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
- Höskuldur Þórhallsson
- Líneik Anna Sævarsdóttir
- Þórunn Egilsdóttir
- Hjálmar Bogi Hafliðason
- Kristján L. Möller
- Kristján Þór Júlíusson
- Valgerður Gunnarsdóttir
- Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
- Steingrímur J. Sigfússon

→ Reykjavíkurborgkjördæmi norður (RN)

- Frosti Sigurjónsson
- Sigrún Magnúsdóttir
- Illugi Gunnarsson
- Brynjar Níelsson
- Birgir Ármannsson
- Össur Skarphéðinsson
- Valgerður Bjarnadóttir
- Björt Ólafsdóttir
- Heiða Kristín Helgadóttir
- Katrín Jakobsdóttir
- Helgi Hrafn Gunnarsson

→ Reykjavíkurborgkjördæmi suður (RS)


- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
- Helgi Hjörvar
- Björk Vilhelmsdóttir
- Hanna Birna Kristjánsdóttir
- Pétur Blöndal
- Guðlaugur P. Þórðarson
- Róbert Marshall
- Svandís Svavarsdóttir
- Vigdís Hauksdóttir
- Karl Garðarsson
- Jón Þór Ólafsson

→ Suðvesturkjördæmi (SV)

- Birgitta Jónsdóttir
- Björn Leví Gunnarsson
- Árni Páll Árnason
- Katrín Júlíusdóttir
- Eygló Harðardóttir
- Willum Þór Þórsson
- Þorsteinn Sæmundsson
- Sigurjón Norberg Kjærnested
- Bjarni Benediktsson
- Ragnheiður Ríkarðsdóttir
- Jón Gunnarsson
- Vilhjálmur Bjarnason

→ Suðurlandkjördæmi (S)

- Sigurður Ingi Jóhannsson
- Silja Dögg Gunnarsdóttir
- Páll Jóhann Pálsson
- Haraldur Einarsson
- Fjola Hrunn Björnsdóttir
- Ragnheiður Elín Árnadóttir
- Unnur Brá Konráðsdóttir
- Ásmundur Friðriksson
- Oddný G. Harðardóttir
- Arndís Soffía Sigurðardóttir



# Sjálfstæðisflokkur sækir í sig veðrið


Fylgi Framsóknarflokksins gefur eftir samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 en Sjálfstæðisflokkurinn hefur styrkt stöðu sína. Fylgi stjórnarflokka þokast upp. Björt framtíð tapar enn fylgi en Píratar standa í stað. Önnur framboð langt frá þingsætum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur styrkt stöðu sína verulega síðustu tvær vikur samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Niðurstöðuna mætti kalla varnarsigur eftir það áfall sem flokkurinn varð fyrir eftir síðustu könnun, en stuðningur tæplega 27 prósent er langt frá því sem sjálfstæðismenn sætta sig við eftir fjögur ár í stjórnarandstöðu.

Framsóknarflokkurinn er áfram stærstur en hefur misst fylgi frá síðustu könnun. Forystumenn hans örvænta þó varla, enda studdu aðrar kannanir ekki þá niðurstöðu síðustu könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 að fylgið væri um 40 prósent. Ekki er óþekkt að skekkjur komi upp í einstaka könnunum.

Þrátt fyrir að stjórnarflokkarnir bæti við sig fylgi frá síðustu könnun er það lítil huggun fyrir forystu þeirra; þeir njóta fylgis um fimmtungs kjósenda. [brjann@frettabladid.is](mailto:brjann@frettabladid.is)

FYLGFI FLOKKANNA



→ Aðferðafræðin

Úrtakið í könnuninni var 1.899 manns en hringt var þar til náðist í 1.200 samkvæmt lagskiptu úrtaki mánudaginn 15. apríl og þriðjudaginn 16. apríl. Svarhlutfallið var 63,2 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá.

Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingskosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú

myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 67,8 prósent þátttakenda í könnuninni afstöðu til spurningarinnar.

## Flottur úr Nölunum

Nala-Brie er kominn í nýjar umbúðir og er enn jafngóður á bragðið. Ljúfur og mildur hvitmygluostur sem hentar við öll tækifæri.





## EGF húðvörudagar í Hagkaup dagana 18. – 24. apríl

### Fullkomin tvenna - NÝTT EGF Gjafasett

Inniheldur: EGF dagkrem 30 ml fyrir venjulega og blandaða húð, EGF húðdropa™ 5 ml og EGF húðnæringu 7 ml.



[www.egf.is](http://www.egf.is)

**20%** afsláttur af EGF Húðdropum™ 15 ml dagana 18.-24. apríl.

EGF húðvörurnar eru afrakstur íslenskrar nýsköpunar og vísindarænnisóknar. Þær innihalda EGF frumvaka sem stuðlar að endurnýjun húðarinnar og gefur henni frísklegt yfirbragð.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## Ársfundur Landspítala 2013

í Salnum í Kópavogi  
Þriðjudaginn 23. apríl kl. 14:00-16:00

## Öryggismenning í öndvegi



**Guðbjartur Hannesson** velferðarráðherra  
Ávarp

**Björn Zoëga** forstjóri  
Öruggir verkferlar

**María Heimisdóttir**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs  
Ársreikningur Landspítala 2012

**Afhending styrks úr Verðlaunasjóði í læknisfræði**  
Verðlaunahafinn kynnir rannsóknir sínar

**Carl-Johan Wallin**, svæfingalæknir á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi  
Lean Healthcare and Safety Culture in Hospitals

**Starfsmenn heiðraðir**  
Björn Zoëga forstjóri og Erna Einarsdóttir starfsmannastjóri

Fundarstjóri: Benedikt Olgeirsson, aðstoðarforstjóri Landspítala



# Mikilvægt að þrifa grillið eftir notkun

Hreinsa þarf burt fitu í grilli eftir að matreiðslu lýkur til þess að koma í veg fyrir myndun skaðlegra efna. Efnin geta sest á matinn sem verið er að grilla.

Besta leiðin til þess að halda grillinu hreinu er að láta það aldrei verða verulega óhreint. Það þarf til dæmis að þrifa grindurnar bæði að ofan og neðan eftir að grillað er. Það er að vísu ekki skemmtilegt að taka til við þrif á grilli að lokinni ljúffengri máltíð í kvöldsólinni en þá verður að þrifa grillið áður en grillað er næst.

Að setja steikina ofan á leifar af hamborgurinum frá því í fyrrasumar er auk þess ekki lystaukandi.

**INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR**

„Maður sér stundum þykkt lag af fitu í grillinum og ég hef heyrt menn tala um að brenna þetta bara og láta loga vel. Hitinn í grillinu er að vísu það mikill að hann drepur örverur en þegar fitan brennur myndast krabbameinsvaldandi efni. Fitu sem lekur niður í grillið eða situr á grillgrind þarf að hreinsa burtu eftir að matreiðslu lýkur. Annars heldur hún áfram að brenna við næstu grillun,“ segir Ingibjörg Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun.

Hún getur þess að við grillun sé mest hætt á myndun krabbameinsvaldandi efna þegar maturinn brennur eða fita af kjöti eða marineringu lekur niður á kolin eða heitt grillið. „Þá logar í fitunni og reykur með tjöruefnum myndast. Reykurinn leikur um kjötið og efni úr honum setjast á það. Sé fita ekki hreinsuð burt eftir grillun



**VIÐ GRILLIÐ** Grillmaturinn verður óhollur ef grillið er ekki þrifið.

## Forðist matarsýkingu

Gæta þarf þess að kjöt eða safi úr kjöti komist ekki í snertingu við matvæli sem eru tilbúin til neyslu.

Mælt er með því að nota tvær tangir við grillun, aðra fyrir hrátt kjöt og hina fyrir grillað kjöt. Setjið kjötið ávallt á hreint fat að lokinni grillun. Góð regla er að fjarlægja það fat sem hráa kjötið var á þegar allt kjötið er komið á grillið.

Heimild: Matvælastofnun

vefur hún aukinni myndun skaðlegra efna sem berast með reyknum upp úr grillinu og sest á það sem verið er að grilla.“

Skúffuna þarf að hreinsa með sköfu og þvo síðan með sápuvatni.

Brennara þarf að hreinsa á tveggja til þriggja mánaða fresti.

Best er að leita ráða hjá sölu- og þjónustumanni um þrif á þeirri tegund grills sem keypt hefur verið.

ibs@frettabladid.is

## Vistvænar rekstrarvörur

- fyrir þig og umhverfið

**Án þess að nota BIOTECH** **Eftir 10 daga með BIOTECH** **Eftir 30 daga með BIOTECH**

**Engin ólykt**

**Engar stíflur í klósetti**

**Engar stíflur í frárennislögnum**

**Papernet** **409040** **Superior** **TOILET PAPER ROLL** **WHITE** **BIO TECH**

**Ecolabel** **2** **4** **250** **11 cm** **MICRO**

**BIO TECH** BIOTECH pappírinn frá Papernet er frábær nýjung sem kemur í veg fyrir ólykt á salernum, hindrar stíflur í klósettum, heldur frárennislögnum hreinum og hraðar niðurbroti í rotþróum.

## Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**Í LEIFSSTÖÐ**  
Það getur kostað yfir sex þúsund krónur að taka eina tösku með sér.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Flugfélögin sem halda uppi áætlunarflugi frá Íslandi:

## Meirihluti rukkar fyrir farangur

Átta af þeim fimmtán flugfélögum sem halda uppi áætlunarflugi frá Keflavík í sumar rukka farþega fyrir innritaðan farangur. Frá þessu er greint í frétt á vefnum turisti.is. Þar segir jafnframt að gjaldið geti numið um þrjú þúsund krónum fyrir hvora leið.

Farangursgjald Easy-Jet er það hæsta hér á landi eða 3.100 krónur. Það kostar því 6.200 krónur að taka með sér eina tösku. Farangursgjald Vueling er 3.000 krónur aðra leið en Wow Air 2.900 krónur.


Fimm félög heimila eina til tvær töskur án þess að greitt sé aukalega. Bent er á að sum erlendu flugfélögin heimili eina tösku ef bókaðir eru farmiðar úr dýrari verðflokkum.

## BRÆÐINGUR OG LÚPÍNUSEYÐI INNKALLAÐ

Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um framleiðslu á Krónu Bræðingi við óheilnæmar aðstæður. Sala á bræðingnum hefur verið stöðvuð og hún innkölluð af markaði. Þeir sem eiga umrædda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga. Varan var framleidd í Hveragerði en er merkt FS Dreifingu í Garðabæ.

Einnig hafa borist upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um framleiðslu á lúpínuseyði frá Svarta Hauki við óheilnæmar aðstæður. Fyrirtækið hefur stöðvað sölu á vörunni og innkallað hana af markaði. Neytendur eru hvattir til að farga vörunni.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Matvælastofnunar, mast.is.





# SIMMSDAGAR Í VEIÐIHORNINU Á HELGINNI



## SIMMSDAGAR ALLA HELGINA Í VEIÐIHORNINU SÍÐUMÚLA 8

- 🦞 Komdu með eldri Simms vöðlurnar þínar og leyfðu Gore-tex sérfræðingum Simms að líta á þær, lagfæra og leiðbeina með meðhöndlun og umhirðu
  - 🦞 Sjáðu allar nýju vöðlurnar og veiðifatnaðinn frá Simms
  - 🦞 Kynntu þér veiðileyfin hjá Hreggnasa, Lax-á, SVFR og Strengjum
  - 🦞 Skoðaðu alla möguleikana sem Veiðikortið hefur upp á að bjóða
    - 🦞 Fylgstu með flottum fluguhnýturum
    - 🦞 Lestu Flugufréttir frá Flugur.is og kynntu þér áskriftartilboðið
  - 🦞 Prófaðu nýju SBT línuna frá Scientific Anglers og vertu með í kastkeppni
  - 🦞 Taktu þátt í happdrættinu og vertu heppinn glæsilegir vinningar
- 🦞 Hittu veiðifélagana, segðu og hlustaðu á skemmtilegar veiðisögur í Veiðihorninu um helgina

Opið á laugardag frá 10 til 16 og sunnudag frá 12 til 16

  
**SIMMS.**

  
**VEIÐIHORNID**



## Leiguverð aftur að hækka: Enn hækkaði leiguverð í mars

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,7 prósent milli mánaða í mars.

Vísitalan hefur hækkað ört síðustu misseri. Svo virtist sem hægst hefði á hækkingunum í lok síðasta árs en nú hefur vísitalan tekið við sér á ný og hækkað um 3,7 prósent á þremur mánuðum.

Það er Þjóðskrá sem birtir vísitöluna sem hefur verið tekin saman frá upphafi árs 2011. Síðan þá hefur hún hækkað um samtals 22,5 prósent.

- mþl

Góð ávöxtun í fyrra:

## LSR með 9,1% raunávöxtun

Ávöxtun hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) var með besta móti í fyrra. Nafnávöxtun var 14,2 prósent. Að teknu tilliti til verðbólgu var ávöxtunin 9,1 prósent sem er umtalsvert yfir 3,5 prósent ávöxtunarkröfu sjóðsins.

Alls voru tekjur LSR af fjárfestingum 54,4 milljarðar króna í fyrra. Heildareignir sjóðsins voru því í lok ársins 436,6 milljarðar króna. „Undanfarnir þrjú ár hafa eignir LSR aukist um 108,2 milljarða króna. Það má að stærstum hluta rekja til ávöxtunar sjóðsins,“ segir á vef LSR.

Um síðustu áramót voru 58,7 prósent eigna lífeyrissjóðsins í innlendum skuldabréfum, 4,9 prósent í innlendum hlutabréfum, 29,8 prósent í erlendum verðbréfum, 5,7 prósent í innlánnum og 0,9 prósent í öðrum fjárfestingum.

- mþl

# Leysa þarf snjóhengjuvanda

Gangi vel að gera upp þrotabú gömlu bankanna og takist að lengja verulega í stærstu erlendu lánum þjóðarbúsins getur afnám hafta gengið tiltölulega hratt fyrir sig þótt brugðið geti til beggja vona. Þetta er mat greiningardeildar Arion banka, sem fjallaði um afnámsferli gjaldeyrishaftanna á fundi í höfuðstöðvum bankans í gær.

Er raunhæft að losa gjaldeyrishöftin innan tiltölulega skamms tíma eða er haftalaust samfélag hér á landi einungis fjarlægur draumur? Greiningardeild Arion banka gerði tilraun til þess að svara þessari spurningu á fundi í höfuðstöðvum bankans í gær en í stuttu máli var svarið eins og oft við flóknum spurningum: það veltur á ýmsu.

Á fundinum flutti Hafsteinn Hauksson, hagfræðingur í greiningardeildinni, erindi þar sem hann velti upp fyrrgreindri spurningu. Undir lok erindis síns sagði Hafsteinn: „Það er hægt að teikna upp aðstæður þar sem afnámið getur gerst hratt en það er líka hægt að teikna upp aðstæður þar sem afnámið getur tafist um ókomna tíð.“

Það hvorar aðstæðurnar raungerast sagði Hafsteinn fara að ýmsu leyti eftir ytri þáttum sem Íslendingar hafi ekki stjórn á.

Þar skipti mestu til dæmis vaxtaumhverfið og viðskiptakjör landsins. Hann sagði Íslendinga hins vegar hafa stjórn á öðrum þáttum sem skipti afnámsferli miklu máli en efst á þeim lista væru uppgjör gömlu bankanna.

„Það er lykilatriði að búin verði gerð upp þannig að óþolinmóðum erlendum krónueignum verði fækkað eins og kostur er. Og það er mjög erfitt að sjá fyrir sér að það sé hægt að neinu marki nema þeir



**VÖRUR FLUTTAR INN OG ÚT** Hafsteinn fjallaði í erindi sínu um þann vanda í afléttingarferli haftanna að fyrirsjáanlegur viðskiptajöfnuður væri ekki nægur til að skapa svigrúm til að hleypa erlendum krónueignum úr landi. Þá benti hann á leiðir til þess að leysa þennan vanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HAFSTEINN HAUKSSON

taki á sig einhvern afslátt af kröfum sínum,“ sagði Hafsteinn og bætti við að auk þess væri mikilvægt að endursemja um skuldir Landsbankans og mögulega Orkuveitu Reykjavíkur með það fyrir augum að lengja í greiðsluferlum svo þrýstingur vegna afborgana á gengi krónunnar minnkaði.

Hafsteinn lagði einnig áherslu á að unnið yrði að þessum verkefnum með þannig hætti að tiltrú fjárfesta á íslensku stofnanaumhverfi og efnahagslífi yrði ekki fyrir skaða. Áhættan við afnám hafta væri sú að fjárfestar myndu missa trú á hagkerfinu sem myndi valda gengisfalli, verðbólguþykningu, vaxtahækkunum og samdrætti með slæmum afleiðingum fyrir heimili, fyrirtæki og ríkissjóð.

magnusl@frettabladid.is

## Hagvaxtarhorfur daprar

Greiningardeild Arion banka kynnti einnig nýja hagspá á fundi í höfuðstöðvum bankans í gær. Er nýja spáin nokkru svartsýnni en síðasta spá bankans og ber yfirskriftina „Föst í fyrsta gir.“ Samkvæmt spánni verður hagvöxtur á bilinu 1,5 til 2,4% á þessu ári og næstu tveimur og þá verður fjárfesting í hagkerfinu áfram í sögulegu lágmarki. Á fundinum fjallaði Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildarinnar, um hagspána en fjallaði einnig um þau úrræði sem grípa má til svo spáin raungerist ekki. Sagði Ásdís að greiningardeildinni hefði fundist mikilvægt í ljósi dapra hagvaxtarhorfna að fjalla einnig um það sem þyrfti að gera svo koma mætti hagkerfinu í gang. Í því samhengi lagði hún mesta áherslu á að auka þyrfti fjárfestingu í hagkerfinu og nefndi nokkur atriði sem hún taldi geta stuðlað að því. Í fyrsta lagi væri nauðsynlegt að leysa snjóhengjuvandann svo losa mætti gjaldeyrishöftin. Í öðru lagi þyrfti að hefja niðurgreiðslu á miklum skuldum ríkissjóðs. Í þriðja lagi þyrfti að auka hér stöðugleika og ná verðbólgu niður og að síðustu að stuðla að gjaldeyrisskapandi hagvexti.



## FRÁBÆR ÁVÖXTUN

32,1% hækkun síðustu 12 mánuði\*

## HLUTABRÉFASJÓÐURINN\*\* HEFUR TEKIÐ ÞÁTT Í ÚTBOÐUM NÝRRRA FÉLAGA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS

Síðasta ár var gjöfult á hlutabréfamarkaði. Fyrirhugaðar nýskráningar fyrirtækja í Kauphöll Íslands gefa fyrirheit um áframhaldandi endurreisn íslenskra hlutabréfamarkaðarins. Fjárfesting í Hlutabréfasjóðnum er áhrifarík leið til þátttöku í hlutfjárútboðum og virkrar eignastýringu í íslenskum hlutabréfum. Nú getur þú tekið þátt í þeirri uppbyggingu í gegnum Hlutabréfasjóðinn sem hefur skilað hæstu ávöxtun allra íslenskra hlutabréfasjóða síðastliðin **1, 2 og 3** ár.\*

### Árleg ávöxtun sjóðsins

Skv. sjóðis 27. mars 2013

1 ár	32,1%
2 ár	22,1%
3 ár	22,1%
4 ár	28,0%
5 ár	-23,0%

### Meðal félaga sem sjóðurinn hefur fjárfest í eru:

Icelandair, TM, Hagar, Eimskip, N1, EIK fasteignafélag, Reginn, Fjarskipti hf., Marel og Össur.

Nánari upplýsingar á [www.vib.is](http://www.vib.is)

Pantaðu viðtal við ráðgjafa í **440 4900**

\* Skv. sjóðis 27. mars 2013

\*\*Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Íslendssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsing og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslendssjóða, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | [vib@vib.is](mailto:vib@vib.is)

[facebook.com/VIB.stofan](https://www.facebook.com/VIB.stofan) | [@vibstofan](https://twitter.com/@vibstofan) | [www.vib.is](http://www.vib.is)



# SUMARSÞRENGJA



AF STÓRA HAAG 150%  
18.-21. APRÍL

330 CM

VAL UM VINSTRI EÐA HÆGRI TUNGU

ÁÐUR 199.900

NÚ

169.915



MARGAR GERÐIR

AF LUKTUM

3 FYRIR 2

AF ÖLLUM ÞUÐUM

EITT MESTA  
ÚRVAL  
LANDSINS



BASTKÖRFUR

FRÁ 1.190



ÚTISTYTTUR

FRÁ  
5.990

3 FYRIR 2

AF GLÖSUM



Möguleiki á að hafa tunguna hægri eða vinstri megin

BJALLA

ÁÐUR 79.900

69.900

BREIDD 195 CM - TUNGA 150 CM

the  
PIER



# Vor &

Fullar búðir af frábærum tilboðum



## iPad mini

16GB Wi-Fi 100 stk.

Verð: **59.990.-**

Macally B STAND taska  
fylgir með að verðmæti:

**7.990.-**



32GB/4G Wi-Fi 30 stk.

Verð: **104.990.-**

Verð áður: 114.990.-



## iPad 3

16GB Wi-Fi - svartur

**Verð: 69.990.-** 1 stk

32GB Wi-Fi - svartur

**Verð: 84.990.-** 6 stk

64GB Wi-Fi - svartur

**Verð: 99.990.-** 9 stk



## iPad 2

16GB Wi-Fi - svartur

**Verð: 54.990.-** 3 stk

16GB Wi-Fi - hvítur

**Verð: 54.990.-** 3 stk

64GB 3G-Wi-Fi - hvítur

**Verð: 99.990.-** 1 stk



# gleði



**FRENDS - Skull Candy - B&W**  
Heyrnatól - mikið úrval  
**25% afsláttur**



**ION**  
Hljómborð - Gítar - Ferða DJ ofl..  
**40% afsláttur**



**On Beat Air** - Hátalari  
Fyrir iPad/iPod/iPhone  
Tilboðsverð: **29.990.-**  
Verð áður: 49.990.-



**On Air JBL** - Hátalari  
Fyrir iPod/iPhone  
Tilboðsverð: **39.990.-**  
Verð áður: 69.990.-



**iHealth**  
Blóþrýstings og púlsmælir -  
Eftirlitsmyndavél  
**25% afsláttur**



**Walk On Water** - Fartölvutöskur  
Ýmsar stærðir og gerðir  
**50% afsláttur**



**KNOMO** - Fartölvutöskur  
Ýmsar stærðir og gerðir  
**10-40% afsláttur**



**Apple rafhlöður**  
**20% afsláttur**



**iLuv**  
Hátalarar - töskur ofl..  
**25% afsláttur**



**Macally**  
Bílahleðslur - töskur ofl..  
**25% afsláttur**

## Söluorgs rýmingarsala

Nýjar og notaðar vörur á frábæru verði



**MacBook Pro Retina 15"** -  
Verð: **329.990.-** 4 stk (ZOMK)  
Fullt verð: 399.990.-  
Verð: **399.990.-** 2 stk (ZOML)  
Fullt verð: 499.990.-



**MacBook Pro 13"** - 1 stk  
Verð: **169.990.-** (ZOMT)  
Fullt verð: 229.990.-



**MacBook Air 11"** 64GB 1 stk  
Verð: **139.990.-** (ZOMF)  
Fullt verð: 179.990.-



**iMac 27"** - 2 stk  
Verð: **299.990.-** (ZOMR)  
Fullt verð: 369.990.-



**iPod nano 8GB** - 2 stk  
Verð: **17.990.-** (MC689)  
Fullt verð: 34.990.-



**iPod touch** (4. kynslóð)  
16GB Verð: **29.990.-** 3 stk  
Fullt verð: 39.990.- (MC540)  
64GB Verð: **49.990.-** 8 stk  
Fullt verð: 86.990.- (MC547 / MD059)



**iPhone 4 16GB** - 2 stk  
Verð: **49.990.-**  
Fullt verð: 79.990.-



**iMac 27"** 8GB/1TB - 1 stk (2010)  
Verð: **249.990.-** (Z0JP)  
Fullt verð: 379.990.-



**iMac 27"** - 2 stk (2011)  
Verð: **269.990.-** (Z0M6)  
Fullt verð: 349.990.-

Smáralind  
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18  
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Söluorgs vörur eru eingöngu afgreiddar á Laugavegi

Laugavegi 182  
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300



Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins veitt áttunda sinni:

## Athygli vakin á góðum verkum

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í áttunda sinn í gær. Tilgangurinn með veitingu þeirra hefur frá upphafi verið að vekja athygli á jákvæðu framlagi einstaklinga og samtaka til samfélags okkar. Slíkt starf fær oft ekki þá athygli sem það verðskuldar og fáir vita af því aðrir en þeir sem njóta þess beint, þótt það gagnist samfélaginu í heild. Undanfarin ár hafa vissulega margir hlotið Samfélagsverðlaunin sem mega teljast þjóðþekktir fyrir störf sín en þeir eru líklega fleiri sem unnið hafa verk sín meira eða minna í kyrrþey og fyrst og fremst í þágu síns nærsamfélags.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Bláðið hefur viljað lyfta þessum góðu verkum, annars vegar með verðlaunaveitingunni sjálfri og hins vegar með umfjöllun um verðlaunahafana og störf þeirra. Verk þeirra eru ekki aðeins mikilvæg fyrir þá sem þeirra njóta, heldur eru þeir líka mikilvægir fyrirmyndir sem er full ástæða til að segja frá.

Lesendur Fréttablaðsins leika lykhillutverk við val á verðlaunahöfum. Í byrjun árs er auglýst eftir tilnefningum til Samfélagsverðlaunanna og bárust að þessu sinni vel á fjórða hundrað ábendingar. Úr þeim hefur dómnefnd svo unnið og tilnefnt þrjú verðlaunahafi í fjórum flokkum, auk þess sem valinn hefur verið heiðursverðlaunahafi sem hlýtur viðurkenningu fyrir ævistarf. Tilnefningarnar voru kynntar í helgarblaði Fréttablaðsins.

Í ár hlaut Sigurlaug Hermannsdóttir verðlaunin í flokknum Hvunn dags hetjan. Hún er félagsmálafrumkvöðull á Blönduósi, allt í öllu í þróttastarfi, söfnunum fyrir tækjum handa heilbrigðisstofnunum og fleira félagsstarfi. Ásamt eiginmanni sínum Hlyni Tryggvasyni hefur hún boðið eldri borgurum á Blönduósi til árlegrar veizlu og haft er á orði í byggðarlaginu að boðið hjá Sigurlaugu og Hlyni jafngildi árs hátíð fyrir gamla fólkið.

Í flokknum Til atlögu gegn fordómum var verkefnið Projekt Polska verðlaunað. Að því standa ungir Pólverjar sem vinna að eflingu félagsstarfs og bættum aðstæðum innflytjenda. Hópurinn telur að innflytjendur beri sjálfir nokkra ábyrgð á að bæta hag sinn. Þetta er mikilvægt starf í fjölmenningsræðingum, þar sem Pólverjar eru stærsti innflytjendahópurinn á Íslandi.

Margrét Pálmadóttir kórstjóri hlaut verðlaunin í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar. Hún hefur af miklum krafti byggt upp kórstarf og stuðlað að söngmennt stúlkna og kvenna. Margrét hefur verið listrænn stjórnandi Stúlnakórs Reykjavíkur frá stofnun árið 1994 og unnið ómetanlegt starf.

Heiðursverðlaunin hlaut Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og formaður Umferðarráðs. Hann vann stóra sigra í umferðaröryggismálum, meðal annars með lögleiðingu bílbeltanotkunar og notkunar ökuljósa allan sólarhringinn. Báðar breytingar hafa án vafa bjargað mannlífum og fækkað slysum.

Loks hlaut Kaffistofa Samhjalpar aðalverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Þar fær utangarðsfólk og aðstöðulausir um fimmtíu þúsund ókeypis máltíðir á ári. Þetta er gífurlega mikilvægt starf og óhætt að segja að það sé Kaffistofunni að þakka að enginn þarf að svelta í Reykjavík.

Verðlaunahöfunum og öðrum sem tilnefndir voru til Samfélagsverðlaunanna er óskað til hamingju. Störf þeirra skipta miklu máli, á mismunandi sviðum, og eru okkur öllum góð fyrirmynd.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Frá 189.900 kr. á mann í tvíbýli

## Sumar við Gardavatnið

10.-17. júní

Fararstjóri: Una Sigurðardóttir

Netverð á mann: Kr. 189.900 á mann í tvíbýli. | Kr. 197.800 á mann í einbýli.

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 4\* hóteli með hálfu fæði. Akstur til og frá flugvelli. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manna. Ekki innifalið: Hádegisverður, aðgangseyrir á söfn, tónleika og kynnisferðir

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 Akureyri • Sími 461 1099 www.heimsferdir.is

Heimsferðir

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Dr. Who?

Mikið er rætt og ritað um menntun Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar þessa dagana. Raunar hefur engu verið bætt við þá umræðu sem átti sér stað fyrir fjórum árum. Sigmundur sjálfur heldur síðan lífi í kjaftasögnum með því að leyfa ekki hverjum sem er að skoða hvað sem er í hans ferli. Annars virðast andstæðingar Sigmundar og Framsóknarflokksins ofmeta þau áhrif sem mögulegur menntunarskandall gæti haft á fylgið. Íslendingar hafa margsýnt að þeir láta sér uppdiktaðar gráður í léttu rúmi liggja, sem sést kannski best á helsta músíkfræðingi landsins, Dr. Gunna.



#### 5% þröskuldurinn

Pegar jafn margir flokkar eru í framboði og raun ber vitni verður mönnum tíðrætt um 5%-múrinn, en til að ná manni á þing þurfa flokkarnir að rjúfa hann. Litlu framboðin svokölluðu leggja því eðlilega gríðarlega mikið upp úr því að komast yfir þann múr, svo hægt sé að hafa áhrif á landsmálin úr söllum Alþingis næstu fjögur ár.

#### 2,5% þröskuldurinn

Önnur mörk eru ekki síður mikilvæg litlu framboðunum, en þau miða við 2,5%



atkvæða. Sá þröskuldur skilur á milli þeirra sem fá ríkisstyrk og hinna, en slíkt getur skipt sköpum um framtíð flokks. Kosningabaráttan er ekki ódýr og þótt allra bragða sé leitað til að halda kostnaði í lágmarki má reikna með að víða verði yfirdrátturinn ansi há. Þeir flokkar sem ná yfir 2,5% mörkin fá styrk frá ríkinu, geta greitt niður skuldir og hugað að innra starfi sínu og eru þannig betur í stakk búinir til að bjóða fram næst, þótt þeir nái ekki inn núna.

kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Með Evrópu á heilanum

### EVROÞUMÁL



Mördur Árnason alþingismaður

Það verður oft nokkuð háfleygt og fjarlæggt, allt talið með og á móti aðild að Evrópusambandinu – fyrir utan allt ruglið og nöldríð. Jamm, það þarf að finna leið út úr gjaldþrotunum, og enginn hefur í raun og veru bent á neina aðra en að tengjast evrunni og taka hana svo upp. Jamm, fullveldisdeiling bæði í EES og ESB er ekkert áhlaupaverk, og þar má ekki rasa um ráð fram. Sjávarútvegsmálin, landbúnaðurinn, byggðirnar, fjármálamarkaðirnir o.s.frv. o.s.frv. En hvað kemur þetta venjulegu fólki við í daglegu brauðstriti og amstri – vandnum við að ná endum saman um næstu mánaðamót?

Margt er auðvitað óljóst enn þá um stöðuna eftir inngöngu okkar í Evrópusambandið ef af verður. Þess vegna erum við að semja. Og ýmislegt af kostum og göllum við aðild kemur ekki í ljós fyrir en á líður. Það er reyndar annarra þjóða sem inn eru gengnar, svo sem Svía og Finna, Eystrasaltsþjóðanna, nýfrjálsu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu.

Margt er líka nokkurn veginn ljóst, og varðar ekki síst hag fjölskyldnanna, almennings í landinu. Með evrunni minnkar allur kostnaður í viðskiptum okkar við evrulöndin – vöruverð fer niður. Vextir hafa verið hér alltof háir fyrir bæði fólk og fyrirtæki. Þeir lækka með inngöngu og

→ Margt er auðvitað óljóst ennþá um stöðuna eftir inngöngu okkar í Evrópusambandið ef af verður. Þess vegna erum við að semja.

evru, og líklega strax með tengingu krónunnar við evru. Innganga og evra mundi slá á verðbólgu með sífellum hækkunum verðlags og launa. Verðtryggingin hverfur með evrunni, enda er verðtryggingin hákja sem hin veika króna notar til að halda sér uppréttri.

Það rennur ekki upp paradís á jörðu daginn sem við göngum í Evrópusambandið. Sem fyrr eru Íslendingar sinnar eigin gæfu smíðir. Fyrir venjulegt fólk verður hins vegar auðveldara að lifa, einfaldara að skipuleggja, meira öryggi við rekstur heimilisins.

Þess vegna skiptir svo miklu máli að klára samningana og taka til þeirra afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vel má vera að gallar við aðild vegi upp á móti þessum kostum fyrir lífsskjör venjulegs fólks – það ákveður þjóðin. Þeir sem vilja stöðva samningagerðina, sem er komin á lokastig – þeir eru á hinn bóginn að útiloka þessar kjarabætur án þess að menn hafi fengið að athuga málið. Ekki kjósa þá frambjóðendur í alþingiskosningunum í mánaðarlokin.



# Sóknarfæri í samskiptum við Kína

Í opinberri heimsókn minni til Kína var undirritaður fríverslunarsamningur Íslands og Kína. Samningurinn er fyrsti fríverslunarsamningur sem Kína gerir við Evrópu-ríki. Hann færir íslenskum fyrirtækjum aukin tækifæri, enda voru hátt á fjórða tug fulltrúa íslenskra fyrirtækja með í förinni. Nokkrir þeirra gengu frá viðskiptasamningum, m.a. fyrir hönd Arion banka, Marorku, Orku Energy, Promens og Össurar.

Samningurinn er líklegur til þess að blása lífi í viðskipti milli risaveldisins og eyþjóðarinnar. Ríkisstjórnin sýnir í verki að hún horfir vítt yfir sviðið í þágu atvinnulífsins og fyrirtækjanna í landinu, ekki aðeins til Evrópu eins og margir halda fram. Hún leitar sífellt leiða til að auka tekjur og bæta kjör þjóðarinnar.

Ferðin hingað til Kína er líka ánægjulegt framhald heimsóknar forsætisráðherra Kína til Íslands

## VIÐSKIPTI



Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra

fyrir tæpu ári þegar undirritaður var meðal annars rammasamningur ríkisstjórna Íslands og Kína um norðurslóðasamstarf. Og nú gefum við fyrirheit um aukið samstarf þjóðanna á ýmsum sviðum.

Í því sambandi má nefna að fríverslunarsamningurinn greiðir ekki aðeins fyrir vöruviðskiptum heldur einnig fyrir þjónuviðskiptum milli ríkjanna. Jarðhitasamstarf Kína og Íslands hefur fyrir löngu náð fótfestu en það snýst einmitt um þjónuviðskipti, svo sem ráðgjöf um vinnslu og nýtingu jarðhita. Kínverjar nýta jarðhita sinn æ betur. Í samvinnu við íslensk fyrirtæki og íslenska sérfræðinga hafa þeir nú reist stærstu hitaveitu í heimi sem byggð er á grundvelli íslenskrar sérþekkingar.

Samningurinn nær einnig til þróunarsamvinnu ríkjanna. Frá upphafi hafa um 80 Kínverjar útskrifast frá jarðhitaskóla Sam-

einuðu þjóðanna, sem starfræktur er hér á landi, og er það jafnframt fjölmennasti hópurinn.

## Aukið samstarf og virðing

Mér er það mikið kappsmál að framfylgt sé þeim hugsjónum sem mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og víðeigandi alþjóðlegir mannréttindasáttmálar kveða á um. Það er því mikilvægt að í sameiginlegri yfirlýsingu minni og Li Keqiangs, forsætisráðherra Kína, er fært til bókar að ætluð ríkjanna sé að efla og vernda mannréttindi með virkum hætti.

Í viðræðum mínum við leiðtoga Kína um mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar lýsti ég sérstakri ánægju með aukið samstarf ríkjanna á sviði jafnréttismála, sem komst á eftir heimsókn fyrrverandi forsætisráðherra Kína til Íslands á síðasta ári. Það er reyndar í samræmi við viljayfirlýsingu velferðarráðuneytis Íslands og Kvennamálasamtaka Kína (All-China Women's Federation of the People's Republic of China), en

hún var undirrituð að lokinni þeirri heimsókn.

Eftir fund minn með Li Keqiang forsætisráðherra síðastliðinn mánudag sammæltumst við um það í sérstakri yfirlýsingu að stuðla að enn frekari samskiptum og hagnýtu samstarfi um málefni norðurskautsvæðisins og viðfangsefni sem varða hafið, jarðvarma, jarðvísindi, umhverfisvernd og loftlagsbreytingar. Þetta verður gert á grundvelli rammasamningsins milli ríkisstjórna Íslands og Kína um samstarf á norðurslóðum. Við áréttuðum stuðning okkar við umsókn Kína um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og ég veit að kínverskir leiðtogar eru þakklátir fyrir þann stuðning.

## Vinnuvernd og vinnuréttur

Á svipaðan hátt og unnið hefur verið að jafnréttismálunum verður á næstunni unnið að vinnuverndar- og vinnuréttarmálum samhliða fríverslunarsamningnum sem borinn verður undir Alþingi næsta haust. Taka má fram að samningurinn

→ Samningurinn er líklegur til þess að blása lífi í viðskipti milli risaveldisins og eyþjóðarinnar.

breytir engu um aðgang kínversks vinnuaflds að íslenskum vinnu-markaði. Hann breytir heldur engu um lög og reglur um fjárfestingar í íslenskum eignum.

Við ætlum líka að auka samvinnu um menningarmál og ferðamál, svo nokkuð sé nefnt til viðbótar því að framan greinir. Tvíhliða samstarf á öllum þessum sviðum gefur tækifæri til stóraukinna samskipta og viðskipta okkar við Kína.

Ég vil nota tækifærið til að þakka öllum þeim sem unnið hafa gott og mikið starf að gerð fríverslunarsamnings milli Íslands og Kína á undanförunum misserum. Um hann hefur ríkt full pólitísk samstaða og allir flokkar hafa komið að gerð hans á síðustu árum. Það er trú mín og von að fríverslunarsamningurinn skapi ný tækifæri og bæti hag þjóðarinnar.

# Skuldir ríkissjóðs eru skuldir okkar allra

Ríkissjóður skuldar um fimm milljónir króna á hvern Íslending. Hver Íslendingur er í raun með fimm milljóna króna yfirdrátt á bakinu vegna skulda ríkisins. Hvert mannsbarn í landinu greiðir um 300 þúsund krónur í vexti á ári af yfirdrætti ríkissjóðs. Stór hluti af tekjuskatti einstaklinga til ríkisins fer

## STJÓRN MÁL



Sigríður Á. Andersen framþjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

í þennan sligandi vaxtakostnað. Þetta eru nöturnlegar staðreyndir.

Vonir hafa verið uppi um að með samningum við kröfuhafa föllnu bankana takist að minnka skulda-klafla hvers Íslendingis úr fimm milljónum í fjórar milljónir króna. Allir stjórnmalaflokkarnir eru sammála um, og hafa alltaf verið, að við uppgjör á

þrotabúum föllnu bankanna verði hagsmunu Íslands gætt þótt flokkarnir gangi vissulega mjög mislangt í því að deila mögulegum ávinningi út fyrirfram með kosningaloforðum.

Eins og menn þekkja af rekstri eigin heimilis er það ekki svo að þótt takist að lækka yfirdrátt úr 50 þúsund í 40 þúsund krónur að menn hafi þar með eignast nýtt fé. Míunusinn á bankareikningnum er vissulega ekki jafn stór og áður

en engu að síður til staðar. Allir hljóta að stefna að því að eyða míunusnum alveg fremur en að auka hann aftur.

Þess vegna er það ekki ábyrgt að lofa skuldugu fólki peningum sem eru ekki til og verða ekki til í ríkissjóði á næstunni. Það væri einfaldlega loforð um að gera skuldir okkar sumra að skuldum okkar allra. Almenn skattalækkun er eina raunhæfa og sanngjarna leiðin til þess að auka ráðstöfunar-

→ Eins og menn þekkja af rekstri eigin heimilis er það ekki svo að þótt takist að lækka yfirdrátt úr 50 þúsund í 40 þúsund krónur að menn hafi þar með eignast nýtt fé.

tekjur okkar allra. Hún hefur að auki þann kost að hvetja menn til aukinnar verðmætasköpunar.

„FJÖLBREYTT ATVINNULÍF;  
FISKUR, FERÐAMENN OG ROKK  
– ÞESS VEGNA KÝS ÉG VG“

GUÐMUNDUR M. KRISTJÁNSSON  
HAFNARSTJÓRI ÍSAFJARÐARBÆJAR  
OG STJÓRNARFORMAÐUR ROKKHÁTÍÐARINNAR  
ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU



VINSTRÍ GRÆN



# Hvar ert þú, mín þjóð?

Ferða og heimilisgrill. 2 hliðarborð fylgja. 2 sjálfstæðir brennarar. Quartz Start kveikjari. Grill svæði 1860 cm<sup>2</sup>, hitamælir í loki. Hæð undir loki 19cm.



**BUGG GASGRILL  
MEÐ UNDIRVAGNI  
79.840 KR.**



## PALLARÁÐGJÖF

Við teiknum sólpallinn fyrir þig í því tíma. Pantaðu tíma í síma 525 3000. Sjá nánar á husa.is.



**PVOTTAVÉL  
ELECTROLUX  
92.900 KR.**

6 kg, 1000 snúninga  
1805656

**5 ÁRA  
ÁBYRÐ**

**30 DAGA  
SKILARETTUR**

HÁPRÝSTIÐÆLA  
NILFISK  
VERÐ AÐUR 15.995 KR.

**11.995 KR.**

105 bar,  
5 m slanga,  
5254249



HARPASJÖFN POLYTEX, 10 L

**9.995 KR.**



RAFMAGNSHEKKKLIPPUR  
SHT650  
VERÐ AÐUR 10.995

**13.995 KR.**



GREINAKLIPPUR  
TVÖ STK.

**3.599 KR.**



**HÚSASMÍÐJAN**

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956





Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

## HARALDUR HRAFNKELL EINARSSON

sem andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 9. apríl, verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 19. apríl klukkan 13.00.



Margrét Jóna Magnúsdóttir  
Kristín Júlía, Helgi, Hrafnhildur, Dröfn, Helga Björk og þeirra fjölskyldur.



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## RANNEVEIG FANNHVÍT ÞORGEIRSDÓTTIR

frá Lambastöðum, Garði, síðast til heimilis að Háaleiti 3c, Keflavík, lést á hjúkunarheimilinu Garðvangi, Garði, 5. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Útskálakirkju 19. apríl klukkan 14.00.



Helga Jónína Walsh Agnar Breiðfjörð Sigurvinsson  
Walter Leslie Esther Guðmundsdóttir  
barnabörn og langömmubörn.



Okkar kæri faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

## HALLDÓR SVEINSSON verkfræðingur,

andaðist 19. mars á hjúkunarheimilinu Mörk. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.



Sigurður Sveinn Halldórsson Guðjón Sturla Halldórsson Laura Greta Emilia Sipola Joonatan Ilmari Sipola Sofía Anna Sipola Pröstur Sveinsson Rúnar Sveinsson Inga Björk Sveinsdóttir  
Virve Sipola



Hjartanlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

## KATRÍNAR MARÍU ÁRMANN Espigerði 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans og Karítas hjúkunarþjónustu fyrir einstaka hjúkrun, alúð og umhyggju.



Þórhallur Arason Ágúst Ármann Þórhallsson Helgi Þórhallsson Valdimar Þórhallsson barnabörn og barnabarnabörn.  
Hallbera Friðriksdóttir Bryndis Þorvaldsdóttir Nína Nikólína



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

## SIGURÐUR LEIFSSON fyrirverandi rafverktaki, Lækjarseli 13, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Seljakirkju föstudaginn 19. apríl klukkan 13.00.



María Helga Guðmundsdóttir Sigríður Sigurðardóttir Guðjón L. Sigurðsson Hólmfríður Sigurðardóttir Kolbrún Alda Sigurðardóttir Gunnar Sigurðsson Kristín Svala Sigurðardóttir Kristín Guðmundsdóttir Rósa S. Guðmundsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.  
Louisa Aradóttir Eggert Ólafsson Margrét Svavarsdóttir Rúnar H. Sigurðsson

# Það er fátt betra en að vakna lifandi

Sigurður Ingólfsson, skáld og ritstjóri Austurgluggans, er nýbúinn að gefa út bók með eigin ljóðum og teikningum. Hún heitir Ég þakka – 52 þakkarbætur.

„Þessi bók á sér langa fæðingarsögu,“ segir Sigurður Ingólfsson, skáld og ritstjóri á Egilsstöðum, um nýja bók sína Ég þakka – 52 þakkarbætur. Svo kemur fæðingarsagan. „Ég var næstum dauður þegar ég var fjögurra ára norður á Svalbarðseyri. Var einn úti að leika mér í vondu veðri og lenti á kaf í snjóskafli. Ég var eiginlega búinn að sætta mig við að deyja. Það var mjög furðuleg tilfinning. Síðasta hugsun mín í skaflinum var: „Nú er ég að deyja. Þá er þetta búið.“ En ég rankaði svo við mér uppi á Akureyrarspítala og það er fátt betra en að vakna lifandi. Frá því ég byrjaði að skrifa hefur mig langað að þakka fyrir það og líka alla þessa litlu hluti sem maður er alltaf að upplifa og gleymir að þakka fyrir. Flestar bækur mínar hafa samt miðað í þessa átt.“

Ljóðin í Ég þakka eru öll stuðluð og rímuð og eins að formi til. Þau standa hvert fyrir sig og á síðunni gegnt þeim eru teikningar, líka eftir Sigurð. Í spjallinu við hann kemur líka í ljós saga á bak við þær. „Ég hef alla ævi verið viss um að ég væri vonlaus teiknari. Svo vann ég við leiðsögn síðasta sumar og þurfti oft að taka pásur, fór að teikna og komst að því að ég gæti að minnsta kosti teiknað tré. Þá kom þessi hugmynd að teikna tré með ræturnar í jörðinni sem teygir sig upp til himna og búa til stutt, einföld ljóð sem öll hétu Ég þakka. Þannig yrði til bók sem hægt væri að glugga í hvenær sem er og færi vel á náttborðinu. Ég tók sex mánuði í að skrifa og teikna. Þannig varð bókin til. En það er fullur kassi hér heima með lélegum myndum, auðvitað.“

### Eldklár hundur

Sigurður er nýtekinn við ritstjórn Austurgluggans og segir starfið eins og hannað fyrir hann. „Ég get ráðið mínum eigin tíma dálítið, þess vegna unnið á nóttunni, sem hentar mér yfirleitt best. Svo er þetta mjög skemmtilegt,“ segir hann. Hlær þegar hann er spurður hvort hann megi nokkuð kynna eigin bók í blaðinu? „Ég gæti prófað að fara í dulargervi,“ bendir hann á. „Hundurinn minn hefur fengið birt eftir sig í Austurglugganum. Hann heitir Elvis, eftir ketti sem hét eftir Elvis Presley. Á tímabili var til vísnafevurinn www.leir.is.“



Ég sendi stundum inn vísur og sagði að hundurinn hefði komið með þetta – sem hann auðvitað gerði – hann sendi mér hugskeyti, eini hundurinn sem kann að senda hugskeyti, svo ég viti. Eldklár. Pétur Blöndal á Mogganum hringdi stundum og spurði hvort hann mætti birta eftir hann svo á tímabili fékk hundurinn meira birt í Mogganum en ég. Dálítið vandræðalegt. Svo hefur Elvis verið að dunda við ljóðabýðingar. Hann stefnir á að gefa út lítið kver.“

gun@frettabladid.is

**SKÁLDIN**  
Sigurður og Elvis. „Á tímabili fékk hundurinn meira birt í Mogganum en ég. Dálítið vandræðalegt,“ segir Sigurður.

MYND/  
RUT INGÓLFSDÓTTIR

### LI

Ég þakka fyrir það að finna til

og þigg á ný einn dag í veröldinni og það sem bíður, það sem ég ei skil

og þig sem hlustar eftir sálu minni.



Elskuð eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

## ERNA ARNÓRSDÓTTIR

lést 2. apríl. Útförin hefur farið fram.



Guðrún Þórsdóttir Stefín Þórsson Þór Jóhannsson Jóhannes Jónsson  
Erna, Þór og Lilja Björg



Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og móðursystir,

## LÁRA VALSDÓTTIR

er látin. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 19. apríl klukkan 11. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélög.



Valur Magnússon Eva Valsdóttir Anna Valsdóttir Védís Gunnarsdóttir Bjarni Valur Einarsson Valdimar Helgi Pétursson og systrabörn.



## HENRY CHRISTIAN MÖRKÖRE

fæddur 27. september 1939, andaðist á sjúkrahúsi í Scottsdale í Arizona þann 15. apríl. Jarðarför verður auglýst síðar.



Fyrir hönd aðstandenda, Jóhanna Pálsdóttir Púriður Henrysdóttir Rafnsson Magnús Birgir Henrysson Gunný Henrysdóttir Mörköre Már Ívar Henrysson Henry Baltasar Henrysson og fjölskyldur.



Ástkær faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og vinur,

## BRYNSTEINN GUÐNASON Stenkullen, Svíþjóð,

sem andaðist miðvikudaginn 27. mars síðastliðinn, verður jarðsettur 24. apríl í Floda, Svíþjóð.



Ásta Alexander Laurence fjölskyldur og vinir Einar Ólafsson Mattías Liselotte Vincent

## Fjölbreytt úrval legsteina Frí áletrun og uppsetning

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88  
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

# Graníthöllin

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði  
www.granithollin.is  
Sími 555 38 88





# HELGAR TILBOÐ

Gildir fimmtudag til sunnudags

VERÐ  
SPRENGJA

Takmarkað magn!  
FYRSTIR KOMA  
FYRSTIR FA



SS lambabógur, 2 í pakka, frosnir  
verð áður 1.098 kr.-kg  
**699** kr. kg



Súpukjöt úr lambabóg, frosið  
verð áður 1.098 kr.-kg  
**777** kr. kg

FLOTTIR  
BITAR



1,36 KG  
Í KASSA

80 partibitar: Kartöflubátar,  
laukhringir og kjúklingapopparar  
verð áður 1.299 kr.-pk-

**499** kr. kg

## MÁLTÍÐ FYRIR EINN

Tilbúin á  
10–14  
mín



Kjúklingur í súrsætri sósu  
**399** kr. pk.



Spaghettí Bolognese  
**399** kr. pk.



Kjúklingur í karri  
**399** kr. pk.



Nautalásagne  
**399** kr. pk.

## HVÍTLAUKSBRAUÐ Á TILBOÐSVERÐI



6 hvítlauksbrauð með osti  
**299** kr. pk.



12 hvítlauksbollur  
**299** kr. pk.



Ostafyllt hvítlauksbrauð  
**299** kr. pk.



10 hvítlauksbrauð  
**299** kr. pk.



Hvítlauksbrauð 2 stk.  
**299** kr. pk.

Lengri  
afgreiðslutími!

Opið frá kl. 9–20 alla daga  
Engihjalla og Granda

# Iceland



**KROSSGÁTA**

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. getraun, 6. kúgun, 8. fýldur, 9. nugga, 11. tveir eins, 12. heiti, 14. bæ, 16. skóli, 17. arinn, 18. umfram, 20. þófi, 21. snudda.

**LÓÐRÉTT**

1. mælieining, 3. spil, 4. ferðamaður, 5. dýrahljóð, 7. baunategund, 10. máttur, 13. tangi, 15. sólbaka, 16. raus, 19. mun.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. gáttu, 6. ok, 8. súr, 9. núa, 11. r, 12. nafni, 14. þess, 16. ma, 17. stó, 18. auk, 20. il, 21. snúð.  
LÓÐRÉTT: 1. tonu, 3. ás, 4. túristi, 5. urr, 7. klabannu, 10. afli, 13. nes, 15. sóla, 16. mas, 19. ku.



**Frú Berglaug**

Glæsilegt veitingahús í fullum rekstri á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur á horni Laugavegs og Bergstaðastrætis, Laugavegur 12.

Nánari upplýsingar veitir **Hilmar Jónasson** sölufulltrúi sími: 695 9500 hilmar@miklaborg.is

Húsið er virðulegt eldra hús byggt 1903 og hefur verið mikið endurnýjað. Þemað á Frú Berglaugu er gamla Reykjavík frá 1900-1960.

Nánar á heimasíðu: [www.fruberglaug.is](http://www.fruberglaug.is)

**Óskar R. Harðarson** hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

fasteignasalan **GARÐUR** S. 562 1200 862 3311 Skipholti 5  
Kári Fanndal Guðbrandsson, Sigrún Sigurpálsdóttir, lögg. fasteignasali.  
**TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI**

**FLÚÐASEL 66**  
**OPIÐ HÚS Í DAG frá kl. 18.00 til 19.00**

**OPIÐ HÚS**

Til sölu gott og fallegt radhús, 223 fm með innbyggðum bílskúr. Íbúðin er 194,3 fm og bílskúrinn 28,7 fm. Í húsinu eru m.a. tvær stofur, fjögur svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, baðherbergi, snyrtung o.fl. Tvennar svalir. **Hægt að yfirtaka gott lán. Verð 39,9 millj. - Verið velkomin**

**FJÁRFESTING** FASTEIGNASALA EHF Sími 562 4250 Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali  
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - [www.fjarfesting.is](http://www.fjarfesting.is) - [fjarfesting@fjarfesting.is](mailto:fjarfesting@fjarfesting.is)

**FRÓÐAÐING 15 og FRÓÐAÐING 17 – Einbýli**  
**Opið hús í dag á milli kl. 17.00 og 17:30**

**OPIÐ HÚS**

**Fróðaðing 15:** 250 fm. Steinsteyp. Á einni hæð. Fullbúð að utan. Selst tilbúið til innréttinga eða fullbúð.  
**Fróðaðing 17:** 417 fm. Steinsteyp. Fullbúð á glæsilegan hátt að innan sem utan. Stór bílskúr. **Óskar og Guðjón sýna húsinn í dag, fimmtudag, á milli kl. 17.00 og 17:30.**  
Uppl. í síma 822-8750.

**Kennslustund í popúlisma**

**BAKPANKAR** Bergs Ebba Benediktssonar

Víð hvað kenna stjórnmaflokkar sig? Til dæmis samstöðu, velferð, sjálfbærni, framfarir, réttlæti, sanngirni og lýðræði. Ég ætla ekki að kvarta yfir þessu. Verra væri ef val kjósenda stæði á milli flokka sem kenna sig við kúgun, afturför, einræði, stöðnun, óréttlæti og ósanngirni. Athugasemdir mínar lúta fremur að því að hversu tilgangslaust það er að nota svona hugtök í stjórnmálaumræðu. Telur einhver að til sé stjórnmálafolk á Íslandi sem vill í fullri einlægni reka „ósanngjarna“ stefnu?



**TAKIÐ** eftir því að ég er ekki að segja að orð eins og „lýðræði“ og „sanngirni“ séu úr sér gengin. Þetta eru hugtök sem hafa mikla þýðingu en það er ekki hlutverk stjórnmálanna að skilgreina þau. Verk þeirra verða aðeins dæmd sanngjörn eða lýðræðisleg þegar sómasamlegur tími hefur liðið frá gjörðum þeirra og það eru fræðimenn og fjölmiðlar, í samvinnu við samfélagið í heild, sem á endanum geta notað slík hugtök til að dæma stefnu

stjórnmálflokks. Úr munni stjórnmálafólks eru hugtökin innihaldslaus.

**MÉR** finnst skrítið hversu tregir stjórnmálamenn eru að átta sig á þessu. Óljós og óskýr stefna, sérstaklega ef mikið fer fyrir háfleygum orðum eins og „réttlæti“, „lýðræði“ og „sanngirni“, er í eðli sínu fráhrindandi og það síðasta sem popúlistar ættu að tileinka sér. Best er að lofa einhverju áþreifanlegu, sama hversu lítið það er, og sýna með áþreifanlegum hætti að hægt sé að standa við það. Hér fer dæmi um loforð sem myndi tryggja a.m.k. 10% fylgi (verð miðast við ríflegan magnafslátt og er að sjálfsgöðu án VSK):

**PANN** 17. júní nk. munu allir Íslendingar á aldrinum 0-3 ára fá sendan ókeypis bleyjupakka frá ríkissjóði (13.893 x 1.000/pk. = kr. 13.893.000), 4-8 ára lítið hlaupahjól með merki stjórnarráðsins (27.206 x 2.000/hjól = kr. 54.412.000), 9-19 ára Converse-skó í lit og stærð að eigin vali (48.170 x 3.500/par = kr. 168.595.000), 20-59 ára skóhorn, regnhlíf, sokkapar og dagkrem (174.202 x 2.000/pk. = kr. 348.404.000) og 60 ára og eldri ævisögu Vigdísar Finnbogadóttur (58.346 x 2.000/bók = 116.692.000). Samtals kostnaður kr. 701.996.000 sem verður fjármagnaður með sölu lénsins island.is og lokun sendiráðsins í Moskvu.

**MYNDI** ég x-a við þetta fram yfir „sanngirni og lýðræði“? Jú, ætli það ekki bara.

**MYNDASÖGUR**

**PONDUS**



**GELGJAN**



**HANDAN VIÐ HORNIÐ**



**BARNALÁN**





# NÝR 4BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**STÆRSTU MERKIN**  
Í TÖLVUTEK ERU ÖLL STÆRSTU MERKIN Í FARTÖLVUM Á ÖTRÚLEGU TILBOÐI

**ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR**  
STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐANDI HEITUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**  
ALLAR VORIR VAXTALAUST 12 MÁNUGI

**VERÐ VORN**

**SMELLTU Á KÖRFUNA**  
NETBÆKFLINGUR Á [WWW.TOLVUTEK.IS](http://WWW.TOLVUTEK.IS)  
MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

**TÖLVUTEK**

**ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR**  
Í VERSLUNUM OKKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI ER EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐ

**10"** Spjaldtölvur lítið útlitsgallaðar, meðan birgðir endast frá **19.900**

**8"** Spjaldtölvur lítið útlitsgallaðar, meðan birgðir endast frá **14.900**

**7"** Spjaldtölvur lítið útlitsgallaðar, meðan birgðir endast frá **9.990**

**SPJALDTÖLVU TILBOÐ**  
Notaðar og lítið útlitsgallaðar spjaldtölvur á ótrúlegu tilboði meðan birgðir endast á verði frá **9.990**

**TÖLVUTEK**

**OPNUNARTÍMAR**  
Virka daga  
10:00 - 18:30  
Laugardaga  
11:00 - 16:00

**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar, innstæðavillur og myndabreytingar



## Fuglinn flaug fjaðralaus

BÆKUR ★★★★★

### Svifflug

Anne-Gine Goemans

 Þýðing: Ragna Sigurðardóttir  
JPV-útgáfa

Gieles er ósköp venjulegur fjórtán ára strákur sem býr í Hollandi. Það óvenjulega er að hann býr rétt við flugvöll sem er útgangspunktur lífs hans, á fjórar gæsir, sem hann er að þjálfa til óvenjulegs og dálítið eigingjarns verkefnis, og að nánast allir í kringum hann eiga hörmungarsögur, minni eða stærri, sem tengjast flugi eða flugslysum. Og að hann dreymir um að bjarga öllu þessu fólki á einn eða annan máta í anda Sullenbergs flugstjóra, sem er hans stóra hetja og fyrirmynd.

Svifflug er óvenjuleg og skemmtileg saga, allt í senn þroskasaga, samfélagsgagnrýni, fróðleikur um flug og flugslys, sagnfræðileg skáldsaga, ástarsaga og harmsaga. Persónugalleríð er með eindæmum fjölbreytt og vel upp dregið og þótt sögurnar séu sumar á mörkum hins fáránlega er í þeim öllum djúpur mannlegur tónn sem lesandinn tengir við og fer að þykja vænt um persónurnar. Inn í söguna er síðan fléttað sögu frá fyrri öldum af ungu fólki sem flúði til Hollands frá Danmörku til að fá að njótast og lenti í alls kyns hrakningum og hörmungum.

Gieles er í fyrstu ekkert sérstaklega sympatísk persóna, fýldur

unglingur, uppfullur af mótþróa og hormónum, en vex í gegnum söguna og þá einkum samskipti sín við hið geysifjölbreytta persónugallerí sem spannar allt frá hinum ofurfeita Waling til goth-stelpunnar Meike með nánast öllum hugsanlegum manngerðum þar á milli. Sagan flýtur vel áfram og þrátt fyrir persónufjöldann og útdúra í ýmsar áttir tekst höfundinum að halda dampi og lesandinn missir ekki áhugann eitt augnablik. Ekki einu sinni upprifjanir á fjölmörgum flugslysum og björgunaradgerðum draga úr þæleika frásagnarinnar. Þetta fellur allt saman í einn farveg sem ber lesandann með

sér, vagnar honum, skukur hann og sýnir honum hlutina frá nýjum sjónarhornum. Það er erfitt að festa hendur á því nákvæmlega í hverju tófrar sögunnar eru fölgirnir en þar fer allt saman sem gerir góða sögu: áhugaverð framvinda, vel skapaðar persónur, drama, húmor og söguleg yfirsýn. Það verður enginn svikinn af því að fá sér flugferð með Gieles og samferðafólki hans.

Ragna Sigurðardóttir hefur unnið þrekvirki með þýðingunni. Vandað og eðlilegt málfar, góður stíll og seiddandi hrynjandi sem sjaldgæft er að sjá í frumskrifuðum texta, hvað þá þýddum. Virkilega vel að verki staðið.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Óvenjuleg og skemmtileg saga sem leiðir lesandann eftir ýmsum krakustígum um líf fjórtán ára unglings.



**LÍF OG FJÖR** Það var góð stemning í smíðu sænsku samtakanna Share Music í gær og afkrasturinn er meðal þess sem gefur að líta á opunarhátíðinni í Ráðhúsinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Virkar í allar áttir og er öllum opin

Listahátíðin List án landamæra er haldin í tíunda sinn í ár og hefst með opunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Viðburðir verða um land allt og af öllum toga, auk þess sem fólk er hvatt til að efna til eigin viðburða.

Hátíðin List án landamæra var fyrst haldin á Evrópuári fatlaðra árið 2003 og hefur þróast og stækkað yfir



**MARGRÉT M. NORÐDAHL**

í að vera hátíð með yfir sjötíu viðburðum um allt land og um átta hundruð þátttakendum," segir Margrét M. Norðdahl, framkvæmdastýra Listar án landamæra.

Hátíðin verður sett í ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 17.30 og síðan rekur hver viðburðurinn annan víðs vegar um landið. Eru einhver skilyrði fyrir að fá að taka þátt í hátíðinni? „Nei, við reynum að finna öllu stað á hátíðinni. Þátttakendur eru bæði

fatlaðir og ófatlaðir og það er alls konar fólk sem tekur þátt," segir Margrét.

Dagskrá verður í Reykjavík, Mosfellsbæ, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Fellsenda í Dölum, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi, Húsavík, Akureyri, Ísafirði, Neskaupsstað, Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði og á Egilsstöðum. Sýningarstaðir eru nánast eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Fyrirverandi sláturhús, strætóskýli og torg í borg, sem og hefðbundnir sýningarstaðir og salir. Á döfinni eru leikrit, listsýningar, handverkssýningar og markaðir, geðveik kaffihús, ljóðalestur, gjörningar, tónleikar, söngkeppnir, kvikmyndasýningar, karóki, skapandi þrautbrautir og óvæntir pop-up-viðburðir sem eru nýjung.

„Hátíðin virkar í allar áttir," útskýrir Margrét. „Og hún er opin öllum. Núna erum við til dæmis í fyrsta sinn með pop-up-vettvang og þar kemur inn alls konar fólk sem treður upp hér og þar og við auglýsum bara samdægurs ef svo vill verkast. Ég veit til dæmis að einn sönghópur ætlar að troða upp í strætó, annar sönghópur ætlar að koma fram á elliheimilum og svo framvegis. Við hvetjum sem flesta til að vera með uppákomur og það þarf ekkert endilega að láta okkur vita af því fyrir fram. Við viljum að grasrótin sé virk inni á þessum viðburðir séu með miklum formerkjum.“

Heildardagskrá og bækling hátíðarinnar er hægt að nálgast inni á heimasíðu verkefnisins [listin.is](http://listin.is). fridikab@frettabladid.is

## Atli Viðar Engilbertsson er listamaður hátíðarinnar

Listamaður hátíðarinnar 2013 er Atli Viðar Engilbertsson. Atli Viðar er sjálfmenntaður fjölistamaður. Hann hefur skrifað ljóð, leikrit og smásögur og samið tónlist, auk þess að sinna myndlist. Atli sýnir ásamt listakonunni Sigrúnu Huld Hrafnadóttur í sal Myndlistafélagsins á Akureyri, auk þess sem verk eftir hann prýða allt kynningar-efni hátíðarinnar.



### 20% AFSLÁTTUR

Við bjóðum viðskiptavinum okkar 20% afslátt af miðaverði á Engla alheimsins.

Verkið er sýnt í Þjóðleikhúsinu og er miðasala þar eða í síma 551 1200. Greiða þarf fyrir miðana með korti frá Arion banka.

Góða skemmtun.

 Arion banki



Fyndnustu grínurkjar Íslandssögunnar

# Kaffibrúsakarlararnir

STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR

GÍSLI RÚNAR JÓNSSON

JÚLÍUS BRJÁNSSON

# 100.000

Skellihlægjandi áhorfendur sjá kaffibrúsakarlana, ef þeir hafa augun opin!



## MIÐASALA Í FULLUM GANGI

TRYGGÐU  
ÞÉR MIÐA Á  
MIÐI.IS

### KOMANDI SÝNINGAR

FÖSTUDAGUR	12. APRÍL	KL. 20.00	UPPSELT
LAUGARDAGUR	13. APRÍL	KL. 20.00	UPPSELT
FÖSTUDAGUR	19. APRÍL	KL. 20.00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGUR	20. APRÍL	KL. 20.00	ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGUR	26. APRÍL	KL. 20.00	UPPSELT
LAUGARDAGUR	4. MAÍ	KL. 20.00	AUKASÝNING
FÖSTUDAGUR	10. MAÍ	KL. 20.00	AUKASÝNING

[facebook.com/Kaffibrusakarlararnir](https://facebook.com/Kaffibrusakarlararnir)



MIÐASALA Í AUSTURBÆ Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS

NESCAFÉ

HOME BLEST GoTT...  
...BÁÐUM MEGIN!

mid.i.is

AUSTURBÆR



# List og litakyrroð á Hjalteyri

Í gömlu verksmiðjunni á Hjalteyri efnir 21 útskriftar-nemandi Listnámsbrautar Verkmenntaskóla Akureyrar til sýningarinnar Loksins nú um helgina.

Elfur Sunna Baldursdóttir er einn þeirra útskriftarnemenda Listnámsbrautar VMA sem sýna lokaverkefni sín í gömlu verk-smiðjunni á Hjalteyri nú um helgina 20. og 21. apríl. Hún segir verkin mjög fjölbreytt sem hóp-urinn hafi unnið að frá upphafi þessarar skólaannar, ásamt lestri skólabóka og öðrum undirbúningi undir stúdentsprófið. „Við erum í bóklegum greinum eins og aðrir. Svo fáum við að taka ýmsar verk-legal greinar líka,“ segir Elfur Sunna. Hún kveðst í upphafi hafa getað valið milli myndlistar- og textilkjörsviðs og valið textílinn. Þar eru kenndar greinar eins og vefnaður, fatasamur og fleira. „Það er virkilega góð aðstaða hér til margra hluta.“

Fjögurra ára nám er nú að baki og þegar Elfur Sunna er spurð hvort hún hafi alltaf ætlað sér að feta listabrutina svarar hún: „Mamma er myndlistarkona og ég ákvað fljótt að feta í fótspor hennar. Svo er pabbi smiður,“ segir hún og upplýsir að þau heiti Gígja Jóhannesdóttir og Baldur Kristjánsson.

Elfur Sunna sýnir textíllista- verk á svifi sem samanstendur af kjól og kúlum. Það heitir Lita-kyrroð. „Nafnið er útrúningur á orðinu litadýrð,“ segir hún og leikur sér þannig með tungu-

málið. Varla hefur hún ofið efnið í kjólinn og utan á kúlurnar? „Nei, reyndar ekki en einn nemandinn, Þórhallur Jóhannsson, sýnir stóla sem hann óf áklæðið á sjálfur.“

Verksmiðjan á Hjalteyri verður opin frá klukkan 14 til 17 laugar- dag og sunnudag. Frír aðgangur er á sýninguna og verður boðið upp á heitt kakó og bakkelsi. Þar sem engin kynding er í húsinu er öllum ráðlagt að koma vel klædd- ir til að geta notið sýningarinnar til fulls.

gun@frettabladid.is

**ELFUR SUNNA**  
Sú var ekki í vandræðum með að redda mynd af sjálfri sér.  
Myndir/Elfur Sunna



**STÓLAR** Þórhallur Jóhannsson sýnir stóla sem hann óf sjálfur áklæðið á.



**KJÓLL** Einn af þremur kjólum sem Ragnheiður Vilma Ingvarsdóttir hannaði og saumaði fyrir sýninguna.

**LITAKYRRÖÐ**  
Hluti verksins hennar Elfar Sunnu er þessi kjóll.



**SKYSSA** Teikning af verkinu Litakyrroð sem verður á svifi.

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**  
**WALKING MAD**

EFTIR JOHAN INGER **HÚMOR, GALSÍ OG GEDVEIKI**

**ÓTTA** EFTIR ÁSGEIR HELGA MAGNÚSSON, HJÓRDÍSI LILJU ÖRNÓLFSDÓTTIR OG UNNI ELÍSBET GUNNARSÓTTIR VERÐUR SÝNT SAMAN KVÖLD

SÝNINGAR: 18/4, 25/4, 28/4, 5/5, 9/5, 12/5, 20/5, 28/5  
SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU. MIÐASALA Í SÍMA 568 8000 EÐA Á WWW.ID.IS

[ Íd ]

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL 2013

### Námskeið

**17.00** Kristín Jónsdóttir verður með námskeið um Hávamál í Bókasafni Sel- tjarnarrest við Eiðistorg. Hávamál eru eitt frægasta Eddukvæðið, ásamt Völu- spá. Þáttökugjald er kr. 1.000.

### Opið Hús

**12.00** Geymslur Þjóðminjasafnsins að Vesturvör 16-20 í Kópavogi verða opnar almenningi. Þar er að finna um 350.000 gripi og tæplega fimm millj- ónir mynda í eigu safnsins.

### Kvikmyndir

**18.00** Norræna kvikmyndahátíðin heldur áfram í Norræna húsinu. Aðgangur er ókeypis á allar myndir og eru þær allar sýndar með enskum texta. Fyrst verður sýnd myndin Grínistinn (dönsk) og svo klukkan 20.00 verður sýnd myndin Uppreisnin í Kautokeino (norsk).

### Uppákomur



**12.15** Þóra Arnórsdóttir velur verk vik- unnar á Kjarvalsstöðum. Uppákoman er í tengslum við sýninguna Flæði sem stendur þar yfir núna.

**20.00** Höfnin, innblásturstími fyrir hönnuði, teiknara, hugsuði, kúnna, vini og alla sem hafa áhuga, verður haldin á Faktory.

### Málþing

**20.00** Hönnunarmiðstöðin heldur málþing um hönnun og arkitektúr í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Fulltrúum stærstu framboðsflokkana hefur verið boðin þátttaka í þinginu.

### Tónlist

**20.00** Álftaneskórinn og Kór Laugarneskirkju halda tónleika í Laugarneskirkju. Stjórnendur eru Bjartur Logi Guðnason og Arngerður María Árnadóttir.

**21.00** Blússveit Pollýar spilar á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.



**21.00** Lára Rúnars, Ylja og Foreign Mona koma fram á tónleikum á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Síðasti bærinn í dalnum heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.





Vnr. 49620201  
26" göturaiðhjól fyrir  
konur, 6 gíra.

**29.990** kr.

MEÐ BÖGGLABERA,  
BRETTUM OG KÖRFU



**KAUPAUKI**

Kjørvari 12 pallaolía fylgir  
með öllu keyptu pallaefni í apríl.\*

\*Sé verslað fyrir 100.000.- eða meira.  
Miðað er við tvær umferðir af olíu, 0,2 l á m<sup>2</sup>.

VERÐVERND BYKO  
**LÆGRA  
VERÐ**

**LÁGT VERÐ**  
- ALLA DAGA

**BYKO**

BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

<p>Vnr. 68583100 Strákústur, 40 cm, með skafti.</p> <p><b>899</b> kr.</p>	<p>Vnr. 79290060 Laufhrifa úr plasti.</p> <p><b>1.990</b> kr.</p>	<p>Vnr. 55900060 Kantskeri.</p> <p><b>1.990</b> kr.</p>	<p>Vnr. 55900004 Malarhrifa, 12 tanna með tréskafti.</p> <p><b>1.990</b> kr.</p>	<p>Vnr. 55900028 Stunguskófla með trefjaplástskafti.</p> <p><b>2.490</b> kr.</p>	<p>Vnr. 55900039 Stungugaffall.</p> <p><b>2.490</b> kr.</p>
---	---	---	--	--	---

**KLIPPA MEST 14 MM ÞYKKAR GREINAR**  
LENGD BLAÐS 46 CM

<p><b>Einhell</b> Vnr. 74830005 EINHELL BG-EH 6051 hekkklippur, 600W.</p> <p><b>6.990</b> kr.</p>	<p>Vnr. 55900030 Hekkklippur með trefjaplástskafti.</p> <p><b>1.990</b> kr.</p>	<p>Vnr. 54935115 DAYE garðslanga, 13 mm, 15 m.</p> <p><b>1.990</b> kr.</p>	<p>Vnr. 53521026 Sorppokar, 750x1150 mm, 25 stk.</p> <p><b>890</b> kr.</p>
<p><b>SKIL</b> Vnr. 74097000 SKIL háþrýstidæla, 1400W, 100 bör.</p> <p><b>9.990</b> kr.</p>	<p>54930605 DAYE slönguvagn. 15 m slanga, tengi og úðari.</p> <p><b>4.990</b> kr. Almennt verð 6.990 kr.</p>	<p><b>HAGA</b> Plant jord</p> <p><b>2 FYRIR 1</b></p> <p>Vnr. 55097032 Gróðurmold, 50 l.</p> <p><b>1.290</b> kr.</p>	

**MEÐ ÖRYGGISNETI**  
**HÁMARKS ÞYNGD 120 KG**  
**88 GORMAR**

Vnr. 88040049  
Trampolín með  
öryggisneti, 4,2 m.

**59.990** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrotti. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).

www.byko.is / EXPO auglýsingastofa





**FULLT AF GRÍNI** í Scary Movie er gert grín að atriðum úr mörgum vinsælustu myndum síðustu ára.

## Íslenskt og endurkoma Scary Movie

Tvær kvikmyndir verða frumsýndar komandi helgi.

Íslendingar verða í öndvegi í kvikmyndahúsum um helgina því ekki nóg með að mynd Katrínar Benedikt, Olympus Has Fallen, sé frumsýnd, eins og fram kemur hér að ofan, heldur er íslenska myndin Falskur fugl líka frumsýnd á morgun.

Það er Jón Atli Jónasson sem skrifar handritið að Fölskum fugli eftir samnefndri skáldsögu Mikæls Torfasonar. Meðal leikara eru Styr Júlíusson, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Hilmir Snær Guðnason og Damon Younger. Myndin fjallar um hinn 16 ára gamla Arnald sem kemur að eldri bróður sínum látnum eftir að hann framdi sjálfsmorð. Arnaldur á erfitt með að takast á við lífið eftir atvikið, eins og öll fjölskylda hans, og í kjölfarið leiðist hann út í óreglu, sem ber enn fleiri vandamál í för með sér.

Fyrir þá sem eru í stuði fyrir meira grín og kaldhæðni er fimmta Scary Movie-myndin væntanleg í bíó á morgun líka. Grínmyndirnar voru afar vinsælar í upphafi aldarinnar og komu þær fyrstu fimm út á árunum 2000 til 2006. Sú fyrsta sló rækilega í gegn en þær sem á eftir fylgdu náðu þó aldrei sömu vinsældum. Eftir sjö ára hlé hefur nú verið ákveðið að reyna aftur og sú fimmta sett saman. Leikararnir eru ekki af verri endanum en þau Ashley Tisdale, Simon Rex og glaumgosinn Charlie Sheen fara þar í broddi fylkingar. Í Scary Movie myndunum er gert grín að hinum ýmsu atriðum úr vinsælum myndum. Að þessu sinni eru hjónin Dan og Jodie í aðalhlutverkum en þegar þau koma heim með nýfæddan son sinn virðist draugur hafa fylgt þeim og undarlegir atburðir fara að gerast.

- trs

## Pakklátur fyrir starfið

Leikarastarfið er eins og að vinna í lottó.

Leikarinn Leonardo DiCaprio telur sig heppinn að hafa fengið tækifæri til að starfa sem leikari. Hann kveðst fullur þakklætis og segir það jafnframt vera sinn drifkraft til að sinna starfinu vel.

„Það að fá eitt tækifæri er eins og að vinna í lottó. Ég hef alltaf hugsað með mér að ég verði að gera þetta vel og vinna mikið því annars hafi ég glatað einstöku tækifæri,“ sagði leikarinn í viðtali við tímaritið Esquire.

**SÁTTUR** Leonardo DiCaprio er ánægður með starf sitt.

NORDICPHOTOS/GETTY



**MIKILL HASAR** Kvikmyndin Olympus Has Fallen var frumsýnd í gærkvöldi. Myndin skartar Gerard Butler í hlutverki hörkutólsins Mike Banning.

## Hávær spennumynd

Olympus Has Fallen var frumsýnd í gær. Myndin skartar Gerard Butler í hlutverki hörkutóls sem hyggst bjarga lífi Bandaríkjaforseta og samlanda sinna frá árás hryðjuverkamanna. Íslensk kona er annar af handritshöfundunum.

Hasarmyndin Olympus Has Fallen var frumsýnd í kvikmyndahúsum í gær. Annar af handritshöfundum myndarinnar er hin íslenska Katrín Benedikt, sem flutti vestur um haf þegar hún var sex ára, en handritið skrifaði hún ásamt eiginmanni sínum.

Olympus Has Fallen segir frá Mike Banning sem starfar sem öryggisvörður í Hvíta húsinu. Í gegnum starfið tengjast Banning og forsetafjölskyldan nánum vinnuböndum en þau bönd breyta þegar forsetafjölskyldan lendir í hörmulegu bílslysi og Banning er í kjölfarið færður til í starfi. Skömmu síðar ræðst norður-kóreska illmennin Kang Yeonsak inn í Hvíta húsið og tekur forsetann í gíslingu. Hann fer fram á að bandarískir hermenn sem staðsettir eru á Kór-euskaga verði strax kallaðir heim. Innrásin er þó einnig persónuleg því Kang hyggst hefna dauða foreldra sinna með því að sprengja allar kjarnaflaugar Bandaríkjaanna í neðanjarðarbyrgjunum sem hýsa þær. Það er aðeins eitt vandamál; Banning er enn á lífi inni í Hvíta húsinu og hyggst koma í veg fyrir áætlanir Kangs og bjarga

### Handritið skrifað af Íslendingi

Handritið að Olympus Has Fallen er skrifað af hjónunum Katrínu Benedikt og Creighton Rothenberger. Katrín er íslensk en ólst upp í Bandaríkjunum.

„Eiginmaður minn og samstarfsmaður fékk þessa hugmynd fyrir dálftið löngu. Við höldum áfram að vinna með hana næstu árin og vorum sífellt að betrumbæta handritið,“ sagði Katrín í viðtali við Fréttablaðið í mars.

Þetta er fyrsta handrit þeirra hjóna sem gert er að kvikmynd og kveðst Katrín himinlifandi með leikaravalið. „Líkamlegt atgervi Gerards Butler hentar mjög vel fyrir hlutverkið og einnig leikur hann leynipjónustufulltrúann Mike Banning afar vel.“

lífi forsetans og um leið samlanda sinna allra.

Skoski leikarinn Gerard Butler fer með hlutverk hörkutólsins Mikes Banning og með önnur hlutverk fara Aaron Eckhart, sem forseti Bandaríkjaanna, Morgan Freeman, Angela Bassett, Ashley Judd, Dylan McDermott og Rick Yune, sem leikur illvirkjann Kang Yeonsak. Leikstjóri myndarinnar er Antoine Fuqua, sem hlaut mikið lof fyrir myndina Training Day frá árinu 2001.



Á vefsíðunni Rottentomatoes.com fær Olympus Has Fallen aðeins 48 prósent í einkunn frá gagnrýnendum. Áhorfendur eru þó töluvert jákvæðari og gefa henni 79 í einkunn. Einn gagnrýnandi segir að svo virðist sem markmið myndarinnar sé að vera eins „hávær, ofbeldisfull og þjóðrembingsleg og hægt er“. Annar hælir Butler fyrir frammistöðuna í hlutverki harðjaxlsins og segir hann frábæran sem slíkan. sara@frettabladid.is



### SKÖPUM SKEMMTILEG TORG Í REYKJAVÍK!

Reykjavíkurborg óskar eftir hugmyndaáttum og duglegum hópum og einstaklingum til að taka þátt í endursköpun almenningsvæða og torga í biðstöðu í sumar.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2013. Allar upplýsingar um verkefnið og umsóknarferlið er að finna á: [www.reykjavik.is/bidsvaedi](http://www.reykjavik.is/bidsvaedi)



torg í biðstöðu



**MJALLHVÍT** Kristen Stewart mun bregða sér aftur í hlutverk Mjallhvítar.

NORDICPHOTOS/GETTY

### Framhald um Mjallhvíti

Ráðist verður í gerð framhaldsmyndarinnar Snow White and the Huntsman, með Kristen Stewart í aðalhlutverki, samkvæmt vefsíðunni Huffingtonpost.com. Stewart mun aftur bregða sér í hlutverk Mjallhvítar, sem þó er töluvert ólík þeirri Mjallhvíti sem fólk þekkir úr samnefndu ævintýri.

Ekki hefur fengist staðfest hvort Rupert Sanders muni leikstýra seinni myndinni, en frægt er orðið þegar upp komst um framhjáald hans og Stewart. „Ég er mjög spennt fyrir þessu. Ég má samt ekkert segja um verkefnið,“ hafði IndieWire eftir Stewart í desember.





**OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KRINGLUNNI**

# FÆRÐ ÞÚ ENDURGREITT?

**3 HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR ÚTILÍFS Á MIÐNÆTUROPNUM KRINGLUNNAR FÁ INNKAUP SÍN Í VERSLUNINNI ENDURGREIDD.**

**20%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í BARN-, SUND- OG SKÓDEILDUM Í ÖLLUM OKKAR VERSLUNUM Í DAG.**

**ÚTILÍF**

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



## Hanna fyrir Bik Bok

Tískutvíburarnir gera fatalínur fyrir norsku keðjuna.

Tvíburarnir Ashley og Mary-Kate Olsen hanna fatalínur fyrir norsku keðjuna Bik Bok sem eru væntanlegar í haust. Um er að ræða þrjár fatalínur frá tvíburunum, sem hafa skapað sér þekkt nöfn í tískuheiminum sem bæði tiskufyrirmyndir og hönnuðir fyrir sín eigin merki, The Row og Elizabeth and James. Þetta er í fyrsta sinn sem þær hefja samstarf við verslanakeðju. Bik Bok ætti að vera Íslendingum nokkuð kunn en hún er meðal annars staðsett í Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og í Ósló.



Á NORÐURLÖNDUM Tískutvíburarnir Ashley og Mary-Kate Olsen hanna þrjár fatalínur fyrir Bik Bok sem koma í búðir í haust.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Forsala hafin á Sónar

Í dag hefst forsala á tónlistarhátíðina Sónar Reykjavík sem fer fram dagana 13. til 15. febrúar 2014 í Hörpu. Takmarkað magn miða verður í sölu á sérstöku verði, en þriggja daga miðar verða á 12.900. Fullt verð á hátíðina er 16.900 fyrir alla þrjá dagana.

Hátíðin vakti mikla lukku er hún var haldin í fyrsta sinn hér á landi í byrjun árs. Ícelandair hefur hafið sölu á sérstökum pakkaferðum á hátíðina. Fyrstu listamennirnir verða kynntir í maí en umfang hátíðarinnar verður stærra en síðast þar sem spilað verður á sex sviðum í Hörpu.



TAKA TVÖ Frá tónleikum Gus Gus á Sónar í febrúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

№ 69  
GAGGALA-GÓÐAN DAGINN

SUNNNY  
STYLE



American Style

Bíldshöfða | Dalshrauni | Nýbýlavegi | Skipholt | Tryggvagötu



HRÆTT VIÐ NETIÐ Sísí Ásta segist hafa tekið eftir því að fólk sé hrætt við að kaupa vörur af netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Netverslanir sameinast

Yfir 80 sölubásar verða á Glæsimarkaði helgarinnar.

„Ég var að fara í gang með netverslun og varð vör við að fólk virtist vera hrætt við að kaupa af netinu og vildi fá að þreifa á vörinni. Ég vissi til þess að nokkur netfyrirtæki með barnavörur hefðu áður tekið saman höndum um að halda svona markaði en það vantaði alveg markaði sem væru með alls konar vörur,“ segir Sísí Ásta Hilmarsdóttir.

Sísí er eigandi netverslunarinnar krummafotur.is og forsvarsmanneskja hins svokallaða Glæsimarkaðar, sem verður settur upp öðru sinni nú um helgina í gömlum húsakynnum Toyota við Nýbýlaveg. Glæsimarkaðurinn var fyrst haldinn fyrir tveimur vikum síðan og voru þá 53 söluborð með ýmsum vörum. Aðsóknin hefur aukist töluvert í kjölfar þess markaðar og verða nú rúmlega 80 borð þar. „Þetta eru aðallega netverslanir en svo eru nokkrar úthverfisverslanir sem verða þarna líka. Þetta er svolítið eins og Kolaportið nema þarna má bara selja nýjar vörur,“ segir Sísí. „Það er sérstaklega gaman hvað síðasti markaður dró mikinn dilk á eftir sér. Það voru margir sem höfðu samband við mig eftir hann og voru að spyrjast fyrir um hvernig þeir gætu haft upp á sumum

→ Glæsikaffihúsi verður skellt upp á markaðnum undir stjórn ABC barnastarfs, til styrktar starfinu. Þar verður meðal annars hægt að fá kökur frá Jóa Fel og kaffi á sanngjörnu verði.

þeirra sem höfðu verið með vörur á markaðnum,“ bætir hún við.

Spurð hvort Glæsimarkaðurinn sé kominn til að vera segir Sísí það vera í athugun, enda gangi hann betur en hana hafði órað fyrir. Fyrir tveimur vikum var markaðurinn aðeins í einn dag og á einni hæð en sökum vinsælda var ákveðið að hafa hann alla helgina að þessu sinni og á báðum hæðum hússins. „Síðast voru allir kóf-sveittir allan daginn og í lok dags var afar lítið af vörum eftir á básunum,“ segir Sverrir Einar Eiríksson, sem aðstoðar Sísí við utanumhald markaðarinnar. „Þetta var svo mikið stuð og stemning og mikið af spennandi vörum. Ég get til dæmis ekki beðið eftir að markaðurinn byrji aftur svo ég geti birgt mig upp af Systrasultum,“ bætir hann við og hlær.

tinnaros@frettabladid.is

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
barnstær að mismunandi  
börnum eftir þú  
hvat foreldrar  
þeirra gera.



# DEBENHAMS



OPIN AUGU  
*á einfaldan hátt*

NÝJAR  
**HYPNÔSE  
DOLL EYES**  
SKUGGAPALLETTUR  
& MASKARI

Augnförðun hefur aldrei verið eins auðveld.  
Sjáðu meira á [Lancome.com](http://Lancome.com)

Hypnôse Doll Eyes skuggapalletta – DO1 Fraicheur  
Rosée + Hypnôse Doll Eyes maskari svartur  
+ augnabrunabjantur-Crayon Sourcil Châtain 020  
// farfi-Teint Miracle 03 + kinnaltur-Blush Subtil 02  
Rose Sable //varaltur- Absolu Nu 203.



LANCÔME  
PARIS

LANCÔME KYNNING Í DEBENHAMS 18. – 24. APRÍL.

20%

kynningarafsláttur af öllum  
Lancôme möskurum  
á kynningunni.



Kaupukinn þinn þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 krónur eða meira.

Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupuki á viðskiptavin.

Finndu okkur á facebook

Gerðu  
lífð  
skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífsstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# Fleiri erlendir listamenn boða komu sína

Það styttist í tónleikahátíðina Keflavík Music Festival sem verður haldin 7.-10. júní. Hefur nú verið greint frá komu þriggja erlendra atriða í viðbót.

- trs

## → Iggy Azelea



Ástralski rapparinn Iggy Azelea er 22 ára gömul en hefur verið að rappa frá því hún var fjórtán. Þrátt fyrir að hafa verið komin með útgáfusamning árið 2008 tók ferillinn hennar ekki af stað fyrir alvöru fyrr en 2011 þegar lag hennar Pu\$\$y sló rækilega í gegn á YouTube. Hún var valin á lista hiphop-tímaritsins XXL yfir tíu heitustu nýliðana í bransanum í fyrra en hún var fyrsta konan og fyrsti rapparinn utan Bandaríkjanna til að komast á þann lista.

Iggy hefur einnig gert það gott í fyrirsætuheiminum og er á samning hjá fyrirsætuskrifstofunni Wilhelmina Models International þar sem söngkonurnar Fergie og Natasha Bedingfield eru líka á skrá. Þær Iggy og Natasha hafa líka tekið höndum saman í tónlistinni auk þess sem Iggy hefur unnið með stjörnum á borð við T.I, Snoop Dogg og Dr. Dre og er nú að vinna í tveimur nýjum lögum með Rihönnu.

Dagskráin hjá Iggy er þétt bókuð á komandi mánuðum og kemur hún til að mynda fram á tónleikunum Chime for Change í London í júní, ásamt söngkonunni Beyoncé og fleirum.

## → The Temper Trap



The Temper Trap er ástralskt indírokkband sem hefur verið að frá árinu 2005. Bandið hefur notið gífurlegra vinsælda í heimalandinu auk þess að hafa til að mynda náð góðum árangri á vinsældalistum í Belgíu, Írlandi og Bretlandi. Strákarnir hlutu meðal annars tilnefningu til hinna virtu BRIT verðlauna í fyrra, hituðu upp fyrir Coldplay á tónleikaferðalagi þeirra um Ástralíu og Nýja-Sjáland í lok síðasta árs og eru bókaðir til að hita upp fyrir sjálfar goðsagnirnar í Rolling Stones á 50 ára afmælistónleikum þeirra í Hyde Park í Lundúnum í sumar.

## → Chase & Status



Saul Milton og Will Kennard mynda tónlistartvíeykið Chase & Status. Þeir spila raftónlist og hafa slegið í gegn í heimalandinu, Bretlandi að undanförmu. Önnur plata þeirra, No More Idols, komst í annað sæti breska vinsældalistans þegar hún kom út árið 2011 og var slegin til gulls á fyrstu vikunni í sölu. Þeir hafa einnig gert það gott á listum yfir vinsælustu danstónlist síðustu ára.

Chase & Status hafa meðal annars komið fram með Rihönnu og rapparanum Tinie Tempah, sem er einmitt væntanlegur á Keflavík Music Festival líka.

# Nýdönsk með árlega tónleika

Vinsælustu lög sveitarinnar í brennidepli og áhangendur fá að hafa áhrif á valið.

„Eftir 25 ára afmælistónleikana í fyrra helltist yfir okkur löngun til að gera þetta aftur að ári. Þetta var svo einstök upplifun“, segir Jón Ólafsson, meðlimur í hljómsveitinni Nýdönsk.

Hljómsveitin hefur nú ákveðið að blása til tónleika í Eldborgarsal Hörpunnar 21. september og er stefnan að stórtónleikar með sveitinni verði árlegur viðburður héðan í frá.

Stefnt er að því að hafa tónleikana í september ár hvert, sem Jón telur vera góðan mánuð þar sem það sé lognið á undan storminum sem fylgir jóla-ósinni með tilheyrandi útgáfu- og jólatónleikum. „Tónleikarnir verða ólíkir frá ári til árs. Við höfum gefið út reiðinnar býsn af efni í gegnum tíðina þannig að það ætti ekki að vera vandamál. Hugsanlega fáum við svo gesti til að krydda þetta aðeins,“ segir Jón og bætir við að þeir gætu rétt eins komið úr hópi dýratemjara eins og tónlistarfólks.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Fram á nótt eftir einu þekktasta lagi hljómsveitarinnar en vinsælustu lög sveitarinnar verða einmitt höfð í brennidepli. „Við tónlistarmennirnir höfum tilhneigingu til að lauma minna þekktum lögum inn á milli



Á SVIÐI Hægt verður að sjá Nýdönsk á sviði árlega héðan í frá.

þeirra þekktustu því okkur þykir svo gaman að spila þau. Að þessu sinni ætlum við þó að beygja okkur í duftið og spila eingöngu okkar vinsælustu lög. Þegar nær dregur munum við bjóða upp á skoðanakönnun þar sem áhangendur geta pantað uppáhaldslög sín fyrir tónleikana.“ Forsala miða hefst 2. maí.

- trs

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR **5%**

**OBLIVION** KL. 5.20 - 8 - 10.40 **12**

**OBLIVION LÚXUS** KL. 5.20 - 8 - 10.40 **12**

**G.I. JOE RETALIATION 3D** KL. 5.30 - 8 - 10.30 **12**

**ADMISSION** KL. 8 - 10.20 **L**

**I GIVE IT A YEAR** KL. 10.30 **12**

